

**Tilkynning um kaup á
hlutafé í Iceland Travel ehf.**

Án trúnaðarupplýsinga

JÚNÍ 2021

SAMRUNASKRÁ

Tilkynning þessi varðar samruna Nordic Visitor hf. og Iceland Travel ehf. annars vegar og Nordic Visitor hf. og AU 1 ehf. hins vegar. Telja samrunaaðilar að samruni þessi falli undir b-lið 1. mgr. 17 samkeppnislaga nr. 44/2005 (hér eftir „samkeppnislög“) og að velta þeirra sé umfram mörk sem kveðið er á um í 17. gr. a. Telja aðilar sér skylt að tilkynna Samkeppniseftirlitinu um samruna þennan.

Tilkynningin er unnin í samræmi við kröfur 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 1390/2020 sem Samkeppniseftirlitið hefur sett um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Þá er tilkynning þessi send á grundvelli 3. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga, en samruninn hefur ekki komið til framkvæmda, sbr. og 7. gr. reglna nr. 1390/2020.

Tilkynningu þessari og gögnum sem henni fylgja er eingöngu ætlað að vera til afnota fyrir Samkeppniseftirlitið vegna málsmeðferðarinnar. Eru tilteknar upplýsingar sem hér koma fram merktar sem trúnaðarmál, sbr. C-liði viðauka I og II við reglur nr. 1390/2020. Er þess óskað að Samkeppniseftirlitið virði trúnað að því er varðar slíkar trúnaðarupplýsingar og gögn. Vísast hér jafnframt til 16. gr. málsmeðferðarreglna nr. 880/2005. Ennfremur er vísað um trúnað til almennra reglna stjórnarsýsluréttar um heimild stjórnvalda til að takmarka aðgang að gögnum, sbr. m.a. 17. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, og 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

Allar upplýsingar sem veittar eru í tilkynningu þessari eru réttar og fullnægjandi eftir bestu vitund samrunaaðila.

Efnisyfirlit

1	Stutt lýsing samruna.....	6
1.1	Kaup Nordic Visitor hf. á Iceland Travel ehf. í söluferli.....	6
1.2	Starfsemi aðila.....	6
1.3	Mat á samkeppnislegum áhrifum.....	7
2	Grunnupplýsingar um samrunaaðila.....	7
2.1	Upplýsingar um aðila samrunans.....	7
2.2	Starfsemi Nordic Visitor.....	8
2.3	Starfsemi Terra Nova.....	8
2.4	Starfsemi Iceland Travel.....	8
2.5	Starfsemi AU1.....	8
2.6	Tengiliðir aðila.....	8
3	upplýsingar um samrunann.....	9
3.1	Aðdragandi samrunans.....	9
3.1.1	Nordic Visitor og Iceland Travel.....	9
3.1.2	Nordic Visitor og Alfa Framtak.....	10
3.2	Tilgangur og markmið samrunans.....	10
3.3	Eðli samrunans.....	11
3.4	Atvinnuvegir.....	13
3.5	Kaupverð.....	13
3.6	Velta samrunaaðila.....	13
3.6.1	Almennt.....	13
3.6.2	Nordic Visitor.....	13
3.6.3	Terra Nova.....	14
3.6.4	Iceland Travel.....	14
3.6.5	Alfa.....	14
3.7	Mögulegur ávinningur samrunans, samlegðaráhrif og/eða viðskiptalegar forsendur...15	
4	Eignarhald og yferráð.....	15
4.1	Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir samrunaaðilum með beinum eða óbeinum hætti.....	15
4.1.1	Nordic Visitor.....	15
4.1.2	Iceland Travel.....	15
4.1.3	AU1.....	16
4.2	Fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir yferráðum samrunaaðila eða annarra aðila sem eru tilgreindir í lið 4.1.....	17
4.2.1	AU1.....	18
4.3	Formlegt og óformlegt viðskiptalegt samstarf sem aðilar að samruna kunna að eiga í við fyrirtæki sem starfa á sama eða tengdum markaði.....	19
5	Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og aðrar yfirtökur.....	20

5.1	Öll önnur fyrirtæki með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir	20
5.2	Stjórnarmenn sem eiga sæti í stjórn annars fyrirtækis á mörkuðum sem áhrifa gætir .	20
5.3	Yfirtökur á síðustu þremur árum á fyrirtækjum sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrif samruna gætir	20
6	skilgreiningar á mörkuðum	21
6.1	Vöru og þjónustumarkaðir	21
6.1.1	Inngangur	21
6.1.2	Nordic Visitor	21
6.1.3	Terra Nova.....	21
6.1.4	Iceland Travel	22
6.1.5	Samantekt.....	22
6.2	Landfræðilegur markaður	23
6.3	Markaðir þar sem áhrifa gætir.....	24
6.4	Skyldir markaðir þar sem áhrifa gætir.....	24
6.5	Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki.....	24
7	upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir.....	25
7.1	Heildarstærð markaðarins.....	25
7.2	Markaðshlutdeild.....	25
7.3	Keppinautar á markaði.....	26
7.3.1	Sala/þjónusta til neytenda (e. business to consumer).....	26
7.3.2	Sala/þjónusta til erlendra ferðaskrifstofa / endursöluaðila (e. business to business)	27
7.4	Markaðshlutdeild keppinauta.....	29
7.5	Innflutningur.....	29
7.6	Hvernig samrunaaðilar selja vöru og þjónustu	29
7.6.1	Sala/þjónusta til neytenda (e. business to consumer).....	29
7.6.2	Sala/þjónusta til erlendra ferðaskrifstofa / endursöluaðila (e. business to business)	29
7.6.3	Nánar um sölu- og dreifileiðir	29
7.7	Samanburður á verði sem aðilar samrunans bjóða á Íslandi og í öðrum ríkjum	30
7.8	Eðli og umfang lóðréttar samþættingar fyrir hvern samrunaaðila um sig miðað við helstu keppinauta.	31
7.9	Sundurliðun á tekjum eftir vöruflokkum og/eða þjónustuþáttum. Sundurliðun á magni (einingum) ef við á.....	31
7.10	Upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu.....	31
8	Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir	32
8.1	Fimm helstu sjálfstæðu birgjar samrunaaðila	32
8.2	Helstu dreifileiðir og þjónustukerfi á mörkuðunum (framboð).....	33
8.3	Heildarafkastageta aðila sl. þrjú ár. (framboð).....	33
8.4	Aðrir framboðspættir	33

8.5	Tíu stærstu viðskiptavinir (hlutdeild í heildarsölu).....	33
8.6	Eftirspurn á markaði	34
8.6.1	Um þróun markaðarins, t.d. hvort hann er á upphafsstigi, í útpenslu, mettaður eða í hnignun, og spá um vöxt eftirspurnar;.....	34
8.6.2	Vægi viðskiptavinavildar að því er varðar vörumerkjatryggð, vöruaðgreiningu og heildarvöruúrval;.....	34
8.6.3	Samþjöppun eða dreifing neytenda;.....	34
8.6.4	Skiptingu viðskiptavina í ólíka flokka og lýsingu á „dæmigerðum viðskiptavini“ í hverjum flokki;.....	34
8.6.5	Vægi samninga um einkadreifingu og annars konar langtímasamninga;.....	34
8.6.6	Vægi eftirspurnar frá opinberum yfirvöldum, ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum eða áþekktum aðilum.....	34
8.7	Aðgangur nýrra aðila á markaðinn (dæmi um fyrirtæki sem hefur „haslað sér völl svo um munar“).	34
8.8	Fyrirtæki (innlend/erlend) sem eru líkleg til að hasla sér völl.....	35
8.9	Þættir sem hafa áhrif á aðgang að mörkuðum þar sem áhrifa gætur (landfræðilegir og vöru- eða þjónustutengdir).....	35
8.10	Rannsóknir og þróun.....	35
8.11	Samstarfssamningar á markaðnum.....	35
8.12	Samstarfssamningar sem samrunaaðilar eru aðilar að	35
8.13	Atvinnugreinasamtök.....	35
9	Áhrif á neytendur og milliliði.....	36
10	Viðbótartakmarkanir	36
11	Fylgiskjöl	37
12	Um heimild til styttri tilkynningar.....	37
13	Yfirlýsing	38

1 STUTT LÝSING SAMRUNA

1.1 Kaup Nordic Visitor hf. á Iceland Travel ehf. í söluferli

Með kaupsamningi dags., 11. júní 2021, (hér eftir „kaupsamningurinn“) skuldbatt Nordic Visitor hf. (hér eftir „Nordic Visitor“) sig til að kaupa og Icelandair Group hf. (hér eftir „Icelandair“) sig til að selja allt útgefið hlutafé í Iceland Travel ehf. (hér eftir „félagið“ eða „Iceland Travel“). Kaupsamningurinn var gerður í tengslum við söluferli Icelandair á öllu hlutafé í félaginu, en söluferlið var í umsjón Íslandsbanka hf.

Fjármagn til kaupa Nordic Visitor á Iceland Travel hefur verið tryggt skv. áskriftarsamningi, dags. 11. júní 2021, á milli Nordic Visitor og AU 1 ehf. (hér eftir „AU1“) sem er sjóður í rekstri Alfa Framtaks ehf. (hér eftir „Alfa“), en með áskrift sinni mun AU1 eignast 26,16% í Nordic Visitor. Samhliða áskriftarsamningnum undirrituðu tilteknir hluthafar í Nordic Visitor samkomulag um meðferð hlutafjár í félaginu (hér eftir „hluthafasamkomulagið“), sem veitir AU1 neikvæð réttindi varðandi tilteknar ákvarðanir stjórnar og hluthafafundar Nordic Visitor, sbr. nánar í kafla 3.1.

Framangreind viðskipti voru gerð með fyrirvara um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins (hér eftir „eftirlitið“) og koma þau því ekki til framkvæmda fyrr en að þeirri meðferð lokinni, sbr. 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 (hér „samkeppnislög“), sbr. og 7. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020.

Í kjölfar forviðræðna samrunaaðila og eftirlitsins í aðdraganda þessarar tilkynningar, og að höfðu samráði við eftirlitið, var ákveðið að tilkynna í einu lagi um samruna Nordic Visitor og Iceland Travel annars vegar og Nordic Visitor og AU1 hins vegar, enda áskriftarloforð AU1 skilyrt um samþykki eftirlitsins á samruna Nordic Visitor og Iceland Travel.

1.2 Starfsemi aðila

Nordic Visitor er hlutafélag sem starfar á innlendum og erlendum markaði fyrir ferðaskrifstofur sem sjá um skipulagðar alferðir til Norður-Evrópu, þ.á m. Íslands, annarra Norðurlanda, Svalbarða og Bretlandseyja. Aðalstarfsemi *Nordic Visitor* er sala á skipulögðum ferðum til neytenda (e. business to consumer).

Nordic Visitor er eigandi alls hlutafjár í einkahlutafélaginu *Terra Nova* ehf. (hér „*Terra Nova*“). *Terra Nova* er einkahlutafélag sem starfar á innlendum og erlendum markaði fyrir ferðaskrifstofur sem sjá um skipulagðar alferðir til evrópskra endursöluaðila á ferðum til Íslands, Noregs og Finnlands. Þá selur *Terra Nova* einnig ferðir beint til neytenda undir vörumerkinu *Iceland Tours*. Aðalstarfsemi *Terra Nova* er þó sala á skipulögðum ferðum til endursöluaðila (e. business to business).

Um starfsemi *Nordic Visitor* og *Terra Nova* var fjallað í tengslum við ákvörðun eftirlitsins nr. 6/2020 um samruna þeirra og vísast til hennar og gagna þess máls, eftir því sem við á.

Iceland Travel er einkahlutafélag sem starfar á innlendum og erlendum markaði fyrir ferðaskrifstofur sem sjá um skipulagðar alferðir til alþjóðlegra endursöluaðila á ferðum til Íslands og Grænlands. Þá selur *Iceland Travel* einnig ferðir beint til neytenda, en það er þó mjög takmarkaður hluti veltu félagsins. Aðalstarfsemi *Iceland Travel* er sala á skipulögðum ferðum til endursöluaðila (e. business to business).

Nordic Visitor, *Terra Nova* og *Iceland Travel* starfa öll á markaði fyrir ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur. Aðaláhersla allra er á skipulagðar ferðir erlendra ferðamanna, einkum til Íslands. Mest skörun er milli *Terra Nova* og *Iceland Travel* að því er varðar alferðir til evrópskra

endursöluaðila. Öll fyrirtækin eru fyrst og fremst milliliðir á ferðaþjónustumarkaði (þ.e. söluaðilar þjónustu við fólksflutninga, gistingu og afþreyingu sem aðrir sjá um að veita).

Samrunaaðilar starfa í harðri samkeppni á markaði þar sem aðgangshindrandir eru mjög takmarkaðar. Eiga þeir í samkeppni við erlendar ferðaskrifstofur, stórar sem smáar, við stórfyrirtæki á ferðaþjónustumarkaði eins og Booking, Tripadvisor, Expedia, Viator o.fl., innlend ferðaþjónustufyrirtæki og sömuleiðis þjónustuveitendur sína eða birgja, sem selja þjónustu sína bæði með milligöngu samrunaaðila og annarra, en líka beint til neytenda.

AU1 er eignarhaldsfélag í 100% eigu framtaksjóðsins Umbreytingar slhf. (hér eftir „Umbreyting“). AU1 hefur ekki haft með höndum neinn rekstur frá því að það var stofnað og á ekki eignarhluti í öðrum félögum. Umbreyting er 7 milljarða króna []¹ framtakssjóður sem leggur áherslu á umbreytingarverkefni. Félagið fjárfestir í hlutafé fyrirtækja og er í eigu stofnana- og einkafjárfesta.

Alfa² er bæði rekstrar- og ábyrgðaraðili Umbreytingar, ásamt því að gegna hlutverki framkvæmdastjóra. Hlutverk Alfa felst meðal annars í því að finna og greina fjárfestingartækifæri og hafa umsjón með eignum sjóðsins. Gerð er nánari grein fyrir félögum í eigu Umbreytingar og rekstri Alfa í kafla 4.2.1 í tilkynningu þessari en ekkert þeirra starfar á mörkuðum tengdum ferðaþjónustu.

1.3 Mat á samkeppnislegum áhrifum

Samrunaaðilar telja að samruni Nordic Visitor og AU1 hafi engin samkeppnisleg áhrif.

Þá telja samrunaaðilar að samkeppnisleg áhrif samruna Nordic Visitor og Iceland Travel séu hverfandi, ef nokkur. Samruninn hindri ekki samkeppni á þeim virka markaði þar sem þau starfa, enda fari því fjarri að til verði markaðsráðandi staða, eða önnur slík staða sem raskað geti samkeppni á markaði. Því séu ekki skilyrði til íhlutunar af hálfu eftirlitsins á grundvelli 17. gr. c. samkeppnislaga. Þá telja samrunaaðilar að samruninn kunni, ef eitthvað, að hafa jákvæð samkeppnisleg áhrif, með því að Iceland Travel verði ekki lengur hluti af samstæðu Icelandair.

2 GRUNNUPPLÝSINGAR UM SAMRUNAADILA

2.1 Upplýsingar um aðila samrunans

Aðilar samrunans eru:

- **Nordic Visitor hf,**
kt. 690405-0590,
Bíldshöfða 20,
110 Reykjavík.
- **Iceland Travel ehf,**
kt. 410791-1379,
Skógarhlíð 12,
105 Reykjavík.

¹ Trúnaðarmál.

² Skráð hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða, sbr. 7. laga nr. 45/2020.

Seljandi:

- **Icelandair Group hf.**,
kt. 631205-1780,
Reykjavíkflugvelli,
102 Reykjavík.

2.2 Starfsemi Nordic Visitor

Samkvæmt 2. gr. samþykktu Nordic Visitor frá 6. desember 2016 er tilgangur félagsins sala og markaðssetning á ferðaþjónustu í sinni víðustu merkingu, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur. Eins og segir í 1. kafla tilkynningar þessarar er þó aðalstarfsemi fyrirtækisins að sjá um skipulagðar alferðir neytenda til Norður-Evrópu, þ.á m. Íslands, annarra Norðurlanda, Svalbarða og Bretlandseyja.

Höfuðstöðvar Nordic Visitor eru á Íslandi. Fyrirtækið er leyfishafi skv. lögum nr. 96/2018 um ferðamálastofu og aðili að Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF). Þá hefur Nordic Visitor hlotið viðurkenningu Vakans sem felur í sér gæðavottun í íslenskri ferðaþjónustu. Starfsmenn Nordic Visitor eru um 70 talsins, 55 á Íslandi, 10 í Skotlandi og 5 í Svíþjóð.

2.3 Starfsemi Terra Nova

Samkvæmt 3. gr. samþykktu Terra Nova frá 19. janúar 2021 er tilgangur félagsins rekstur ferðaskrifstofu, bílaleigu, umboðsskrifstofu hótela, fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Eins og segir í 1. kafla tilkynningar þessarar er þó aðalstarfsemi fyrirtækisins að sjá um skipulagðar alferðir til evrópskra endursöluaðila til Íslands, Noregs og Finnlands.

Höfuðstöðvar Terra Nova eru á Íslandi og er fyrirtækið leyfishafi skv. lögum nr. 96/2018 um ferðamálastofu. Starfsmenn Terra Nova eru um 15 talsins, allir með starfsstöð á Íslandi.

2.4 Starfsemi Iceland Travel

Samkvæmt 3. gr. samþykktu Iceland Travel frá 31. ágúst 2013 er tilgangur félagsins rekstur ferðaskrifstofu með áherslu á móttöku erlendra ferðamanna, tengd þjónusta, fasteigna- og lánastarfsemi. Eins og segir í 1. kafla tilkynningar þessarar er þó aðalstarfsemi fyrirtækisins að sjá um skipulagðar alferðir til alþjóðlegra endursöluaðila á ferðum til Íslands og Grænlands.

Höfuðstöðvar Iceland Travel eru á Íslandi og er félagið leyfishafi skv. lögum nr. 96/2018 um ferðamálastofu og aðili að Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF). Þá hefur Iceland Travel hlotið viðurkenningu Vakans sem felur í sér gæðavottun í íslenskri ferðaþjónustu. Starfsmenn Iceland Travel eru um 45 talsins allir með starfsstöð á Íslandi.

2.5 Starfsemi AU1

Líkt og fram kemur hér að ofan þá fer enginn rekstur fram í AU1.

2.6 Tengiliðir aðila

Tengiliðir samrunaaðila:

- **Birgir Tjörvi Pétursson lögmaður,**
Lögmönnum Lækjargötu ehf.,
Lækjargötu 2,

101 Reykjavík.
birgir@laekjargata.is

- **Halldór Karl Halldórsson lögmaður,**
BBA / Fjeldco ehf.,
Katrínartúni 2,
105 Reykjavík.
halldor@bbafjeldco.is

Tengiliður Icelandair:

- **Ari Guðjónsson lögmaður,**
Icelandair Group hf.,
Reykjavíkflugvelli,
101 Reykjavík.
ari@icelandairgroup.is

3 UPPLÝSINGAR UM SAMRUNANN

3.1 Aðdragandi samrunans

3.1.1 *Nordic Visitor og Iceland Travel*

Ákvörðun um sölufjerli

Hinn 19. janúar 2021 tilkynnti Icelandair, sem er skráð félag í kauphöll Nasdaq á Íslandi, um að ákveðið hefði verið að hefja sölufjerli á dótturfélaginu Iceland Travel. Kom fram í tilkynningunni að ákvörðunin væri í samræmi við þá stefnu að beina sjónum Icelandair að flugstarfsemi, sem væri kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Í tilkynningunni sagði jafnframt að markmið Icelandair væri að hámarka virði Iceland Travel en á sama tíma vernda hagsmuni Íslenskrar ferðaþjónustu, starfsmanna og annarra haghafa. Þá kom fram að sölufjerlið yrði í umsjá Íslandsbanka hf.

Óskuldbindandi tilboð og samkomulag um helstu skilmála

Nordic Visitor gerði Icelandair óskuldbindandi tilboð í félagið í sölufjerlinu, dags. 2. mars 2021. Í framhaldi komust Nordic Visitor og Icelandair að samkomulagi, dags. 30. apríl 2021, um helstu skilmála kaupsamnings og einkarétt Nordic Visitor í 5 vikur til að ná endanlegu samkomulagi við Icelandair um viðskiptin. Samkomulagið var með fyrirvara um eftirfarandi atriði:

- Að áreiðanleikakönnun á félaginu leiddi ekki í ljós veruleg frávik frá þeim upplýsingum um félagið sem kynntar höfðu verið í sölufjerlinu.
- Að aðilar næðu saman um endanlegan kaupsamning.
- Að stjórn Icelandair samþykkti kaupin.
- Að viðskiptin yrðu „heimiluð af hálfu eftirlitsins“ og að viðskiptin yrðu ekki „samþykkt“ með „skilyrðum sem að með sanngirni má telja að rýri verðmæti hins selda verulega.“

Framkvæmd áreiðanleikakönnunar

Í samkomulaginu um helstu skilmála kaupsamnings sagði í grein 3.3 að gögn um félagið skyldu afhent Nordic Visitor í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Var mælt fyrir um það í sömu grein að ráðgjafi kaupanda, sem var Deloitte hf., skyldi hafa milligöngu um að veita svör við spurningum. Með þessu og við gerð könnunarinnar var tryggt að nægar upplýsingar yrðu veittar Nordic Visitor

svo unnt væri að taka ákvörðun um kaupin, en án þess að upplýsingar sem kynnu að teljast viðkvæmar, t.d. um helstu birgja, viðskiptavini og viðskiptakjör, færu milli félaganna. Telja samrunaaðilar að vandað hafi verið til verka og að framangreind markmið hafi náðst.

Kaupsamningur

Með kaupsamningi, dags. 11. júní 2021³, skuldbatt Nordic Visitor sig til að kaupa og Icelandair sig til að selja allt útgefið hlutafé í Iceland Travel, sem er einn hlutur, að nafnvirði 50 milljónir króna. Í grein 6.1 var gerður sérstakur fyrirvari um málsmeðferð eftirlitsins og um að viðskiptunum yrðu ekki sett íþyngjandi skilyrði af þess hálfu, sem væru óásættanleg fyrir kaupanda og/eða seljanda.

3.1.2 Nordic Visitor og Alfa Framtak

Hinn 11. júní 2021 var áskriftarsamningurinn undirritaður milli AU1 og Nordic Visitor þar sem AU1 skráði sig fyrir 2.834.236 forgangshlutum í Nordic Visitor í því skyni að fjármagna kaup Nordic Visitor á félaginu. Skuldbindingar AU1 samkvæmt áskriftarsamningum eru meðal annars háðar skilyrði um að kaup Nordic Visitor á öllu útgefnu hlutafé Iceland Travel gangi eftir og verði samþykkt af eftirlitinu.

Hluthafasamkomulagið, um meðferð hlutafjár í Nordic Visitor, var sem fyrr segir undirritað samhliða áskriftarsamningnum, en það tryggir AU1 ákveðin minnihlutaréttindi. Þannig verða tilteknar ákvarðanir einungis teknar af stjórn með samþykki stjórnarmanns sem tilnefndur er af AU1. Þetta eru m.a. (i) ákvarðanir um ráðningu og uppsögn framkvæmdastjóra félagsins, (ii) ákvarðanir um fjárfestingar og viðskipti umfram 50 milljónir króna á ársgrundvelli og (iii) ákvarðanir um lántökur, veitingu trygginga eða ábyrgða. Þá verða tilteknar ákvarðanir eingöngu teknar á hluthafafundum með samþykki AU1. Um frekari útlistun á réttindum AU1 vísast til hluthafasamkomulagsins, sem fylgir tilkynningu þessari.⁴

Telji eftirlitið áskriftasamninginn og hluthafasamkomulagið leiða til tilkynningaskyldrar yfirlitabreytingar í Nordic Visitor, er það jafnframt skilyrði fyrir skuldbindingu AU1 samkvæmt áskriftarsamningum að slíkur samruni verði samþykktur án skilyrða sem AU1 telur of íþyngjandi.

3.2 Tilgangur og markmið samrunans

Eins og fyrr greinir sagði í tilkynningu *Icelandair* 19. janúar 2021 að markmið *Icelandair* með sölu væri að beina kröftum fyrirtækisins að flugstarfsemi, sem væri kjarnastarfsemi þess.

Um árabíl lagði *Nordic Visitor* áherslu á ferðabjónustu í smásölu (e. business to consumer), einkum í enskumælandi löndum; Bandaríkjunum, Bretlandi, Ástralíu og Kanada. Á árinu 2019 var ákveðið að auka við bjónustuframboð fyrirtækisins með sölu ferða í heildsölu (e. business to business). Fyrsta skrefið í þessa átt voru kaup Nordic Visitor á Terra Nova, sem hefur lagt áherslu á viðskipti við endursöluaðila í Evrópu í sinni starfsemi. Markmið Nordic Visitor með kaupum á Iceland Travel er að sækja fram í heildsölu, en markaðssvæði Iceland Travel er talsvert stærra en Terra Nova.

Þá stefnir Nordic Visitor enn fremur að því að ná fram samlegðaráhrifum í rekstri, bæði með því að samnýta starfsemi stoðdeilda (yfirstjórn, bókhald, fjármálastjórn, mannauður, innkaup og upplýsingatækni) og hagnýta þá þekkingu sem fyrir er hjá fyrirtækinu.

³ Efnisatriði kaupsamningsins, þ.m.t. um kaupverð, eru trúnaðarmál.

⁴ Efnisatriði hluthafasamkomulagsins eru trúnaðarmál.

Ætlunin er að skipulag Nordic Visitor samstæðunnar, gangi kaupin eftir, verði eins og á eftirfarandi mynd:



Eftir þau miklu áföll sem dunið hafa yfir vegna heimsfaraldursins Covid-19, bæði í rekstri fyrirtækisins og almennt í ferðaþjónustu á heimsvísu, er þörf fyrir hagræðingu og er það öðrum þræði tilgangur Nordic Visitor með kaupunum. Haggræðingin er einkum fólgin í framangreindum samlegðarmöguleikum.

Nordic Visitor áltur að með samrunanum verði fyrirtækin betur í stakk búin til að markaðssetja Ísland sem áfangastað í samkeppni við aðra áfangastaði í heiminum, en ekki síður til að mæta harðnandi samkeppni í ferðaþjónustu m.a. gagnvart risavöxnum, erlendum ferðaþjónustu- og tæknifyrirtækjum.

3.3 Eðli samrunans

Sjálfstæð hlutafélög

Ekki er um að ræða samruna í skilningi félagaréttar, heldur mun Nordic Visitor eignast allt útgefið hlutafé í félaginu (100%). Nordic Visitor, Terra Nova og Iceland Travel verða áfram rekin sem sjálfstæð hlutafélög. Er það mat samrunaaðila að viðskiptin feli í sér samruna skv. b-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Samrunaaðilar nefna sérstaklega í þessu sambandi að [

]⁵ Telja samrunaaðilar að þetta atriði hafi engin neikvæð samkeppnisréttarleg áhrif, en nánar verður um þetta fjallað í 11. kafla hér á eftir.

Útvistun þjónustubátta

Eins og fram kemur [

⁵ Trúnaðarmál.

Opinber fjárhagsaðstoð

Nordic Visitor og dótturfélag, þ.m.t. Terra Nova og Magma ehf. (Magma hótél), hafa nýtt sér nokkur af þeim úrræðum sem fyrirtækjum hafa staðið til boða til að mæta neikvæðum afleiðingum af heimsfaraldrinum Covid-19. Um er að ræða:

- Hlutabótaleið, sbr. lög nr. 23/2020, nr. 44/2020, nr. 112/2020 og nr. 145/2020.
- Stuðning vegna greiðslu hluta launakostnaðar í uppsagnarfresti, sbr. lög nr. 50/2020.
- Lán úr Ferðaábyrgðasjóði, sbr. lög nr. 78/2020 og nr. 111/2020 um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018.
- Tekjufallsstyrk, sbr. lög nr. 118/2020 um tekjufallsstyrki.
- Viðspyrnustyrk, sbr. lög nr. 160/2020 um viðspyrnustyrki og lög nr. 37/2021.
- Ráðningarstyrk Vinnumálastofnunar, sbr. reglugerð nr. 918/2020, sem er sett með stoð í lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar og lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir.

Aðstoð skv. framansögðu hefur í einhverjum tilvikum verið talin geta fallið undir reglur um minniháttaraðstoð⁷, en jafnframt undir undanþágureglur 61. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, bæði b-lið 2. mgr. og b-lið 3. mgr. 61. gr. samningsins. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir við úrræðin af hálfu eftirlitsins eða Eftirlitsstofnunar EFTA svo samrunaaðilar þekki til. Samrunaaðilar telja ekki tilefni til að fjalla nánar um þessa aðstoð í þessari tilkynningu enda geti hún ekki haft áhrif á niðurstöðu eftirlitsins. Ekki hefur verið um aðra opinbera fjárhagsaðstoð að ræða í þágu Nordic Visitor samstæðunnar.

Iceland Travel hefur með sama hætti nýtt hluta þeirra úrræða sem fyrirtækjum hafa staðið til boða, þ.m.t. stuðning vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, tekjufallsstyrki og viðspyrnustyrki auk heimildar til frestunar á staðgreiðslu skatta og gjalda, sbr. lög nr. 17/2020 og nr. 25/2020. Ennfremur fékk félagið lán úr Ferðaábyrgðarsjóði.

Í lok sumars 2020 ákváðu íslensk stjórnvöld að veita Icelandair ríkisaðstoð til að bæta hluta af því tjóni sem ferðatakmarkanir af völdum heimsfaraldursins Covid-19 höfðu valdið. Með lögum nr. 109/2020 um breytingu á lögum um ríkisábyrgðir nr. 121/1997 voru „ábyrgðarskuldbindingar sem ríkissjóði er heimilt að undirgangast gagnvart Icelandair Group hf., sem er kerfislega mikilvægt fyrirtæki, vegna heimsfaraldurs kórónuveiru“, undanþegnar gildissviði laganna í þessum tilgangi. Heimildar Alþingis var svo aflað með samþykkt Alþingis á fjárukalögum 4. september 2020.

Hinn 26. ágúst 2020 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA að hreyfa ekki andmælum við ríkisábyrgðinni, byggt á b-lið 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Um er að ræða 90% ábyrgð ríkissjóðs á lánalínu frá Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf., samtals að fjárhæð 120 milljónir bandaríkjadala. Ábyrgð íslenska ríkisins nemur því 108 milljónum bandaríkjadala. Ekki hefur verið dregið á lánalínuna og því ekki reynt á ábyrgðina.

⁶ Trúnaðarmál.

⁷ Sbr. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð eins og hún var tekin upp í EES-samninginn.

Einungis er heimilt að nýta framangreinda lánalínu til þess að standa straum af rekstrarkostnaði Icelandair sem tengist flugrekstri til og frá Íslandi.

Í umsögn eftirlitsins nr. 9/2020, um frumvörp er varða ríkisaðstoð til Icelandair, var í 4. kafla fjallað um aðgerðir sem eftirlitið telur að grípa þurfi til í tengslum við ríkisaðstoðina. Segir þar í málsgrein 31 c) að til álita komi að ríkisaðstoð sé skilyrt þannig að „starfsemi sem ekki á að njóta ríkisstuðnings sé klofin frá félaginu eða aðskilin fjárhagslega.“ Samrunaaðilar telja að í þessu ljósi séu kaup Nordic Visitor á Iceland Travel jákvæð aðgerð enda ferðaskrifstofureksturinn þar með algjörlega aðskilinn flugrekstrinum sem ábyrgðarinnar skyldi njóta.

Samrunaaðilar telja ekki tilefni til að fjalla nánar um áhrif ábyrgðarinnar í þessari tilkynningu, enda geti hún ekki haft áhrif á niðurstöðu eftirlitsins.

3.4 Atvinnuvegir

Samrunaaðilar selja sem fyrr segir skipulagðar alferðir til erlendra ferðamanna og alþjóðlegra endursöluaðila á ferðum til Norður-Evrópu.

- Nordic Visitor hefur skráða aðalstarfsemi í ÍSAT atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands undir nr. 79.12.0 – *Ferðaskipuleggjendur*.
- Iceland Travel og Terra Nova hafa skráða aðalstarfsemi í ÍSAT atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands undir nr. 79.11.0 – *Ferðaskrifstofur*.

Nánar verður fjallað um viðeigandi markaði í 6. kafla.

3.5 Kaupverð

[

]⁸ Nánari upplýsingar um kaupverð er að finna í kaupsamningnum sem fylgir tilkynningu þessari.

3.6 Velta samrunaaðila

3.6.1 *Almennt*

Í viðauka með reglum eftirlitsins nr. 1390/2020 er gert ráð fyrir því að í tilkynningu séu veittar upplýsingar um veltu samrunaaðila á „síðasta“ reikningsári. Í forviðræðum samrunaaðila og eftirlitsins var sameiginlegur skilningur aðila á því að vegna áhrifa Covid-19 gæfu upplýsingar frá árinu 2020 ekki mjög lýsandi mynd af rekstri þeirra eða af samkeppni á viðeigandi mörkuðum. Eru af þeim sökum jafnframt veittar upplýsingar um veltu á árinu 2019, en af hálfu eftirlitsins kom fram í viðræðunum að horft yrði til þess tímabils við mat á stöðu aðila á markaði. Upplýsingar um veltu samrunaaðila koma nánar fram í ársreikningum þeirra, sem fylgja með samrunatilkynningu þessari.

3.6.2 *Nordic Visitor*

Rekstrartekjur (heildarvelta) Nordic Visitor námu 4.080 milljónum króna á árinu 2019, þar af um 2.700 milljónir á Íslandi. Nettóvelta, þ.e. tekjur af seldum ferðum að frádregnu kostnaðarverði

⁸ Trúnaðarmál.

seldra ferða (1. framlegð), nam hins vegar um 1.640 milljónum króna á sama ári, þar af 1.093 milljónir króna vegna ferða til Íslands. Tekjur af sölustarfsemi dótturfélaga Nordic Visitor í Svíþjóð og Skotlandi voru um um 6 milljónir sænskra króna í Svíþjóð 2019 og um 640 þúsund sterlingspund í Skotlandi á sama ári.

Rekstrartekjur (heildarvelta) Nordic Visitor námu 548 milljónum króna á árinu 2020. [

]⁹

3.6.3 Terra Nova

Rekstrartekjur (heildarvelta) Terra Nova námu 1.785 milljónum króna á árinu 2019. Nettóvelta, þ.e. tekjur af seldum ferðum að frádregnu kostnaðarverði seldra ferða (1. framlegð), nam hins vegar um 443 milljónum króna á sama ári, þar af 430 milljónir króna vegna ferða til Íslands.

Rekstrartekjur (heildarvelta) Terra Nova námu 308 milljónum króna á árinu 2020. [

]¹⁰

3.6.4 Iceland Travel

Rekstrartekjur (heildarvelta) Iceland Travel námu 61,97 milljónum evra, þ.e. um 8.508 milljónum króna, (miðað við gengi evru 137,3 krónur) á árinu 2019. Nettóvelta, þ.e. tekjur af seldum ferðum að frádregnu kostnaðarverði seldra ferða (1. framlegð), nam hins vegar um 16 milljónum evra eða 2.198 milljónum króna á sama ári. [

]¹¹

Rekstrartekjur (heildarvelta) Iceland Travel námu 7,55 milljónum evra eða 1.167 milljónum króna (miðað við gengi evru á 154,5 krónur) á árinu 2020. [

]¹²

3.6.5 Alfa

Rekstrartekjur (heildarvelta) Alfa árið 2019 námu rúmum 120 milljónum króna og árið 2020 nam heildarveltan tæplega 122 milljónum króna .

Rekstrartekjur (heildarvelta) Umbreytingar árið 2019 var rúmar 32 milljónir króna og árið 2020 var heildarveltan um 245 milljónir króna.

Engin starfsemi var í AU1 á rekstrarárinu 2020 og þar af leiðandi engin velta. Eins og nánar verður rakið síðar á Umbreyting fimm dótturfélög sem fara með yfirráð í eftirtöldum félögum. Er vísað til umfjöllunar um eignarhald og yfirráð til kafla 4 hér á eftir, en þær veltutölur sem máli skipta eru eftirfarandi:

- Rekstrartekjur (heildarvelta) Borgarplasts árið 2019 var tæplega 845 milljónir króna og árið 2020 rúmlega 925 milljónir króna.
- Rekstrartekjur (heildarvelta) MÞJ árið 2019 var rúmlega 572 milljónir króna og árið 2020 tæplega 485 milljónir króna.

⁹ Trúnaðarmál.

¹⁰ Trúnaðarmál.

¹¹ Trúnaðarmál.

¹² Trúnaðarmál.

- Rekstrartekjur (heildarvelta) GMÍ samstæðunnar árið 2019 var um 2.008 milljónir króna og árið 2020 um 2.104 milljónir króna.

3.7 Mögulegur ávinningur samrunans, samlegðaráhrif og/eða viðskiptalegar forsendur.

Fjallað hefur verið um tilgang og markmið samrunans í kafla 3.2, þ.m.t. um samlegðaráhrif. Vísast til þess sem þar segir.

4 EIGNARHALD OG YFIRRÁÐ

4.1 Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir samrunaaðilum með beinum eða óbeinum hætti

4.1.1 *Nordic Visitor*

Eftirfarandi aðilar verða hluthafar Nordic Visitor eftir hlutafjárukningu sem fer fram í tengslum við samruna Nordic Visitor og AU1, sem fyrr er getið:

Almennir hluthafar	Eignarhlutur (%)
Visitor Investment ehf. kt. 590913-0140	26,13%
Ásberg Jónsson, kt. 160379-4999	25,58%
Libra Investment ehf., kt. 600319-1240	14,92%
Sindrandi Investment ehf., kt. 671119-0960	3,05%
Hjalti Már Einarsson, kt. 290978-5809	1,57%
Ylfa Thordarson, kt. 280677-6049	0,95%
Libius ehf., kt. 681105-0260	0,70%
Björn Jónsson, kt. 240883-3929	0,48%
Left join ehf., kt. 490413-1380	0,23%
Forgangshluthafar	
AU1	26,16%
Samtals:	100,00%

Visitor Investment ehf., er 100% í eigu Ásbergs Jónssonar, framkvæmdastjóra og stjórnarmanns í Nordic Visitor, sem mun því persónulega og í gegnum félag sitt fara með 51,71% eignarhlut eftir kaupin. *Libra Investment ehf.* er 100% í eigu Davíðs Harðarsonar, kt. 171076-4129, stjórnarformanns Nordic Visitor. Utan AU1 eru aðrir hluthafar núverandi og fyrrverandi starfsmenn Nordic Visitor.

Stjórn Nordic Visitor er svo skipuð:

Davíð Harðarson, stjórnarformaður.

Ásberg Jónsson, meðstjórnandi.

Freyja Kristinsdóttir.

4.1.2 *Iceland Travel*

Icelandair er eigandi alls hlutafjár í Iceland Travel. Stjórn Iceland Travel er svo skipuð:

Bogi Nils Bogason, stjórnarformaður.

Birna Ósk Einarsdóttir, meðstjórnandi.

Gunnar Már Sigurfinnsson, meðstjórnandi.

Hlutabréf Icelandair eru skráð í kauphöll Nasdaq á Íslandi.

Tíu stærstu hluthafar Icelandair 23. júní 2021	Eignarhlutur (%)
Brú Lífeyrissjóður, kt. 491098-2529	4,77%
Gildi – Lífeyrissjóður, kt. 561195-2779	3,93%
Lífeyrissjóður starfsm. ríkisins A-deild, kt. 711297-3919	3,77%
Arion banki hf., kt. 581008-0150	3,36%
Bóksal ehf., kt. 550620-1380	2,44%
Almenni lífeyrissjóðurinn, kt. 450290-2549.	2,44%
Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160	2,40%
Sólvöllur ehf., kt. 561002-2070	1,95%
Lífeyrissjóður verslunarmanna, kt. 430269-4459	1,91%
Stefnir innlend hlutabréf hs. (Stefnir hf., kt. 700996-2479)	1,73%

Stjórn Icelandair er svo skipuð:

Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður.

Svafa Grönfeldt, varaformaður.

John F. Thoams, meðstjórnandi.

Nina Jonsson, meðstjórnandi.

Guðmundur Hafsteinsson, meðstjórnandi.

4.1.3 AU1

AU1 er í 100% eigu framtaksjóðsins Umbreytingar. Eignarhald á Umbreytingu er dreift og enginn einn aðili fer með yfirráð yfir sjóðnum á grundvelli eignarhlutdeildar eða annarra samninga. Þá bera hluthafar sjóðsins takmarkaða ábyrgð (e. limited partners). Þrír hluthafar eru kosnir á aðalfundi og ábyrgðaraðili sjóðsins velur tvo stjórnarmenn. Að öðru leyti koma hluthafar ekki að rekstri sjóðsins og geta ekki tekið ákvarðanir varðandi stefnu sjóðsins.

Hluthafar Umbreytingar eru eftirfarandi aðilar:

Almennir hluthafar	Eignarhlutur (%)
Lífeyrissjóður verslunarmanna, kt. 430269-4459	15,00%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild, kt. 550197-3409	14,29%
Snæból ehf., kt. 670704-2460	11,10%
Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009	5,71%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, kt. 580572-0229	4,29%
Silfurberg ehf., kt. 600902-3180	3,64%
Áning ehf., kt. 700475-0189	3,57%
Eldhrímnir ehf., kt. 531006-0890	3,14%
Sýr ehf., kt. 630207-1420	2,86%
Samtals:	100,00%

Stjórn Umbreytingar er svo skipuð:

Friðrik Jóhannesson, stjórnarformaður.

Finnur Reyr Stefánsson, meðstjórnandi.

Erna Gísladóttir, meðstjórnandi.

Ómar Benediktsson, varastjórn.

Sigurður Atli Jónsson, varastjórn.

Rekstrar- og ábyrgðaraðili Umbreytingar er Alfa. Í fyrri ákvörðunum hefur komið fram að sjóðir í rekstri fjármálafyrirtækja séu alla jafna taldir vera undir yfirráðum viðkomandi fjármálafyrirtækis

í skilningi samkeppnislaga. Alfa er í eigu tveggja félaga, Daka ehf., kt. 510417-0620 og Temujin ehf., kt. 520816-0380. Alfa er undir yferráðum Daka ehf., sem er í eigu Gunnars Páls Tryggvasonar, kt. 091277-5229. Daka ehf. er eignarhaldsfélag sem fer með yferráð yfir Alfa ráðgjöf ehf., kt. 610319-0840, á grundvelli 63,64% eignarhlutar, en félagið sinnir viðskiptaráðgjöf og annarri rekstrarráðgjöf. Daka heldur enn fremur á hlutum í Umbreytingu, Mentis ehf. og Virtual Arts Limited í Bretlandi, án þess þó að fara með yferráð yfir umræddum félögum. Temujin ehf. er í eigu Árna Jóns Pálssonar, kt. 111290-2969. Félagið er eignarhaldsfélag sem heldur á hlutum í Umbreytingu og Alfa ráðgjöf ehf., án þess þó að fara með yferráð í umræddum félögum. Framangreindir aðilar fara ekki með yferráð í öðrum félögum en nefnd eru að ofan.

4.2 Fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir yferráðum samrunaaðila eða annarra aðila sem eru tilgreindir í lið 4.1.

Nordic Visitor fer með yferráð yfir eftirtöldum félögum:

- Terra Nova (100% eignarhlutur). Félagið lýtur sömu stjórn og Nordic Visitor. Ásberg Jónsson er stjórnarformaður.
- Nordic Visitor Sweden AB, skrán.nr. 5566927090, (100% eignarhlutur). Félagið rekur sölustarfsemi Nordic Visitor í Svíþjóð.
- Nordic Visitor Norway AS, skrán.nr. 989364804 (100% eignarhlutur). Engin starfsemi er í félaginu.
- Nordic Visitor Ltd., UK, skrán.nr. SC520587 (100% eignarhlutur). Félagið rekur sölustarfsemi Nordic Visitor í Bretlandi.
- Land og lóðir ehf., kt. 540416-0360 (100% eignarhlutur). Um er að ræða eignarhaldsfélag, sem á alla hluti í Magma ehf., kt. 410217-1040, en Magma á og rekur 25 herbergja hótél við Kirkjubæjarklaustur (*Magma hótél*).
- Arctic Journey ehf., kt. 551012-0690 (100% eignarhlutur). Um er að ræða eignarhaldsfélag sem er hluthafi í Corivo ehf., kt. 660309-2170, sem er hugbúnaðarfyrirtæki sem starfrækir m.a. umsýslukerfi sem Nordic Visitor notar í starfsemi sinni.

Nordic Visitor fer ekki með yferráð yfir öðrum félögum en að framan eru nefnd, hvorki beint né óbeint.

Iceland Travel er ekki hluthafi í öðrum félögum og fer ekki með yferráð yfir öðrum félögum, hvorki beint né óbeint.

Icelandair fer með yferráð yfir eftiröldum félögum:

- Loftleiðir ehf. (Icelandic Airlines), kt. 440269-1099, (100% eignarhlutur) en í félaginu er engin starfsemi.
- Icelandair ehf., kt. 461202-3490 (100% eignarhlutur). Aðalstarfsemi félagsins er flugrekstur, bæði innanlands- og millilandaflug.
 - Icelandair Cargo ehf., kt. 471299-2359, er dótturfélag Icelandair ehf. Starfsemi félagsins felst í fraktflutningum með flugi til og frá Íslandi.
- IG Invest ehf., kt. 490905-0730 (100% eignarhlutur). Aðalstarfsemi félagsins er leiga atvinnuhúsnæðis.
- Flugleiðir ehf, kt. 550169-4799 (100% eignarhlutur) en í félaginu er engin starfsemi.

- FERIA ehf., kt. 551105-0590 (100% eignarhlutur). Félagið rekur ferðaskrifstofuna Vita, sem sérhæfir sig í pakkaferðum til íslenskra viðskiptavina.
- Loftleiðir-Icelandic ehf., kt. 571201-4960 (100% eignarhlutur). Aðalstarfsemi félagsins er leiga á flugvélum og ráðgjafarþjónusta við alþjóðleg farþegaflugfélög og ferðaskipuleggjendur.
- A320 ehf., kt. 620206-0670 (100% eignarhlutur). Um er að ræða eignarhaldsfélag um flugvélin TF-ASH notuð er til öskurannsókna.
- Iceignir ehf., kt. 630306-0350 (100% eignarhlutur). Félagið er fasteignafélag.
- IceCap Insurance PCC Ltd, skráð á Guernsey, skrán.nr. 42665 (100% eignarhlutur). Um er að ræða bundið frumtryggingafélag (e. Captive Insurance Company) sem heldur utan um váttryggingar innan Icelandair samstæðunnar.
- CAE Icelandair Flight training ehf., kt. 701007-1740 (66% eignarhlutur). Starfsemi félagsins felst í rekstri flughermis fyrir Boeing 737, Boeing 757 og Boeing 767 flugvélar.
- Lindarvatn ehf., kt. 610593-2919 (50% eignarhlutur). Aðalstarfsemi félagsins er bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis og er það eigandi fasteigna á Landssímareitnum við Austurvöll (Aðalstræti 7 og 11, Thorvaldsensstræti 2, 4 og 6 og Vallarstræti 2 og 4).

Icelandair er jafnframt hluthafi í eftirtöldum félögum:

- Arctic ehf. kt. 520115-2180 (43,53% eignarhlutur). Félagið rekur heimskautasafn á Akureyri og sinnir jafnframt veitingaþjónustu.
- Landsbréf - Icelandic Tourism Fund I slhf., kt. 460912-0160, (29,13% eignarhlutur). Um er að ræða sjóð sem sérhæfir sig í fjárfestingu í ferðaþjónustu.
- EBK ehf., kt. 460406-0210 (25% eignarhlutur). Félagið rekur eldsneytisbirgðastöðvar fyrir flugvélar á Keflavíkurflugvelli.
- Flugleiðahótel hf. (Icelandair Hotels), kt. 621297-6949 (25% eignarhlutur). Rekstur hótela á Íslandi. Eignarhluturinn er í sölufarli.

4.2.1 AU1

Líkt og greinir hér að framan þá er Umbreyting í rekstri Alfa. Umbreyting á í dag fimm dótturfélög sem allt eru sjálfstæðir lögaðilar. Dótturfélög Umbreytingar, að AU1 undanskildu, hafa yferráð yfir öðrum félögum, líkt og reifað er að neðan.

Almennir hluthafar	Eignarhlutur (%)
AU 1 ehf., kt. 650219-2440 (hér eftir „AU 1“)	100%
AU 2 ehf., kt. 660218-1490 (hér eftir „AU 2“)	98,74%
AU 3 ehf., kt. 680119-2280 (hér eftir „AU 3“)	100%
AU 4 ehf., kt. 650219-1630 (hér eftir „AU 4“)	100%
AU 5 ehf., kt. 6812180170 (hér eftir „AU 5“)	100%

- Félagið AU 2 á 100% hlutfjár í félaginu Borgarplast ehf., kt. 510671-0159 (hér eftir „Borgarplast“). Borgarplast er framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á plastvörum til að nota í sjávarútvegi og byggingariðnaði.

- Félagið AU 3 á 100% hlutafjár í Málmsteypu Þorgríms Jónssonar ehf., kt. 420787-1709 (hér eftir „MPJ“). Starfsemi MPJ felst fyrst og fremst í framleiðslu og sölu á vörum úr grájárni og steypujárni. Uppistaða framleiðslunnar eru rekstrarvörur fyrir stóriðju, þ.e. járnsteyptar rekstrarvörur tengdar aftöppun og ofnarekstri og brunnlök fyrir gatnagerð.
- Félagið AU 4 á 75% hlutafjár í félaginu Bál ehf., kt. 570311-0690 (hér eftir „Bál“), og 60,19% hlutafjár í félaginu Solvent ehf. kt. 550911-1320 (hér eftir „Solvent“). Saman eiga félögin Bál og Solvent 52,08% hlutafjár í Greiðslumiðlun Íslands ehf., kt. 570714-1550 (hér eftir „GMÍ“).¹³ GMÍ er eignarhaldsfélag sem á 100% hlutafjár í félögunum Motus ehf., kt. 701195-3109 (hér eftir „Motus“), Greiðslumiðlun ehf., kt. 540612-1020 (hér eftir „Greiðslumiðlun“), Slæður ehf., kt. 590514-0710 (hér eftir „Slæður“) og Lausafé ehf., kt. 680114-0560 (hér eftir „Lausafé“), auk 96% hlutafjár í félaginu Faktoría ehf., kt. 520214-0970 (hér eftir „Faktoría“).

Starfsemi félaganna Motus, Greiðslumiðlunar, Faktoría og Lausafé felst í alhliða kröfuþjónustu fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök, þ.m.t. innheimtu, fjármögnun og kaupum viðskiptakrafna. Tilgangur félagsins Slæður er hins vegar að halda utan um fasteignir í eigu GMÍ.

- Félagið AU 5 hefur undirritað kaupsamning þar sem AU 5 keypti 60% hlutafjár í Gröfu og grjóti ehf., kt. 580202-2090 (hér eftir „GG“) en kaupin voru samþykkt af eftirlitinu þann 25. júní, sbr. ákvörðun 26/2021. Starfsemi GG felst fyrst og fremst í hverskyns jarðvegsvinnu og framkvæmdum, t.d. fleygun, fyllingu, gröfuvinnu, grjótröðun, þjöppun og lóðalögun. GG kemur einnig að efnissölu og snjómokstri, en það er þó óverulegur hluti af heildarstarfsemi félagsins.
- Umbreyting á að lokum 31,33% hlutafjár í félaginu Nox Holding ehf., kt. 640505-0360 (hér eftir „Nox Holding“). [

] ¹⁴

Samrunaaðilar telja að samruninn muni ekki hafa samkeppnisleg áhrif á þeim mörkuðum sem félög í eigu Umbreytingar og rekstri Alfa starfa á, enda starfa félögin að öllu leyti á mörkuðum sem tengjast ekki ferðaþjónustu. Þá verður engin breyting á fjölda keppinauta á hlutaðeigandi mörkuðum og samþjöppun engin.

4.3 Formlegt og óformlegt viðskiptalegt samstarf sem aðilar að samruna kunna að eiga í við fyrirtæki sem starfa á sama eða tengdum markaði.

Samrunaaðilar hafa ekki átt viðskipti sín í milli.

Þá eiga samrunaaðilar ekki í samstarfi við aðra ferðaskipuleggjendur eða ferðaskrifstofur, sem telja má beina samkeppnisaðila (lárétt samstarf). Eins og síðar verður komið inn á í umfjöllun um markaði kaupa samrunaaðilar þó þjónustu til endursölu af fyrirtækjum sem sinna afmörkuðum þáttum ferðaþjónustu (samgöngur, gisting, afþreying), sem jafnframt selja þjónustuna beint sjálfir.

Terra Nova og Iceland Travel selja skipulagðar alferðir í heildsölu til endursöluaðila. Ekki er um að ræða annars konar lóðrétt viðskipti að ræða af hálfu samrunaaðila, en við birgja og þjónustuveitendur í hefðbundnum rekstri. Iceland Travel hefur átt viðskipti með stoðþjónustu og vörur/þjónustu af tengdum aðilum, en slík viðskipti hafa verið á markaðskjörum.

¹³ Bál á 39,78% hlut og Solvent á 12,29% hlut.

¹⁴ Trúnaðarmál.

5 PERSÓNULEG OG FJÁRHAGSLEG TENGL OG AÐRAR YFIRTÖKUR

5.1 Öll önnur fyrirtæki með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

Í kafla 4.2. er fjallað um þau fyrirtæki sem Nordic Visitor hefur yfiráð yfir og tengsl við á þeim mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Að öðru leyti fara hvorki Nordic Visitor né þeir aðilar sem fara með yfiráð í Nordic Visitor með yfir 10% atkvæðisréttar í öðrum fyrirtækjum með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

Iceland Travel fór með allt hlutafé í einkahlutafélaginu Ferðamiðlun ehf., en hið síðarnefnda rann inn í Iceland Travel á grundvelli XIV. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, með ákvörðunum stjórnar- og hluthafafunda á árinu 2020, m.v. 1. janúar sama ár. Iceland Travel fer því ekki lengur með yfiráð í neinum öðrum félögum.

Ítarlega hefur verið fjallað um tengsl Icelandair við fyrirtæki á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, m.a. í umsögn eftirlitsins nr. 9/2020 frá 1. september sama ár, vegna ríkisábyrgðar. Þar er m.a. fjallað um ferðaskrifstofurnar VITA og Iceland Travel, þar sem Icelandair fer með allan atkvæðisrétt. Ennfremur hagsmuni í hótélrekstri, en Icelandair fer 50% eignarhlut í Lindarvatni ehf. og 25% eignarhlut í Icelandair Hotel, en tilkynnt hefur verið um sölufarli á síðarnefndum hlut og segir Icelandair ferlið á lokastigi. Þá er gerð grein fyrir hlutafjáreign Icelandair í kafla 4.2 að ofan. Icelandair fer ekki með yfir 10% atkvæðisréttar í öðrum fyrirtækjum með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

Samrunaaðilar telja að framangreind tengsl hafi enga þýðingu eða samkeppnisréttarleg áhrif í sambandi við samrunann sem hér er til meðferðar.

5.2 Stjórnarmenn sem eiga sæti í stjórn annars fyrirtækis á mörkuðum sem áhrifa gætir

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórnar Nordic Visitor og Terra Nova sitja ekki í félags- eða framkvæmdastjórn annarra fyrirtækja sem reka starfsemi á þeim mörkuðum, sem áhrifa samrunans gætir, utan þeirra sem tilheyra Nordic Visitor samstæðunni og getið hefur verið að framan.

Í grein 5.3.3 í kaupsamningnum er afhending og uppgjör bundin því skilyrði að núverandi stjórnarmenn Iceland Travel segi sig úr stjórn. Um er að ræða einstaklinga úr framkvæmdastjórn Icelandair. Að mati samrunaaðila hefur því ekki þýðingu að fjalla nánar um tengsl þeirra við önnur fyrirtæki á mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Framkvæmdastjóri Iceland Travel, Árni Gunnarsson, og fjármálastjóri félagsins, Ína Edda Þórsdóttir, eiga ekki sæti í stjórnnum félaga eða fyrirtækja á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

5.3 Yfirtökur á síðustu þremur árum á fyrirtækjum sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrif samruna gætir

Nordic Visitor tók yfir Terra Nova á árinu 2020 og vísast til ákvörðunar eftirlitsins nr. 6/2020 í málinu.

Iceland Travel og dótturfélag þess Ferðamiðlun ehf., sameinuðust á árinu 2020 með félagaréttarlegum samruna.

Um aðrar yfirtökur á fyrirtækjum sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa samruna gætir er ekki að ræða af hálfu samrunaaðila á síðustu þremur árum.

6 SKILGREININGAR Á MÖRKUÐUM

6.1 Vöru og þjónustumarkaðir

6.1.1 *Inngangur*

Samrunaaðilar eru með starfsemi í ferðaþjónustu, en í evrópskum samkeppnisrétti hefur verið litið svo á að virðisikeðjan í ferðaþjónustu sé einkum á þremur stigum:

- Ferðaþjónustubirgjar (e. travel suppliers); sem eiga og/eða reka sjálfir undirliggjandi þjónustustarfsemi, s.s. flugfélög, rútufyrirtæki, bílaleigur, rekstraraðilar hótél- eða gisti-, eða afþreyingarþjónustu o.sv.frv.;
- Ferðaskipuleggjendur (e. tour operators); sem búa til vörur á sviði ferðaþjónustu með því að kaupa einstaka þjónustupætti frá ferðaþjónustubirgjum og binda þá saman í ferðapakka;
- Ferðaskrifstofur (e. travel agencies), sem dreifa ferðaþjónustu eða þjónustupökkum beint til viðskiptavina (hvort heldur sem er fyrirtækja eða ferðamanna)

Eins og víða er rakið hér í tilkynningu þessari telja samrunaaðilar að mikil skörun sé milli framangreindra þrepa í virðisikeðjunni og bæði mikil bein samkeppni, sem og samkeppnislegt aðhald á milli. Þá hafa sömuleiðis orðið umtalsverðar breytingar á hefðbundinni ferðaþjónustu, sölu, markaðssetningu, bókun o.fl., með auknum tækniframförum. Vísast hér m.a. um það til umfjöllunar um sölu- og dreifileiðir í kafla 7.6.3.

6.1.2 *Nordic Visitor*

Nordic Visitor býður neytendum sérsniðnar alferðir til þeirra svæða sem áður eru nefnd (e. business to consumer). Félagið starfar sem ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjandi.

Stærstur hluti veltunnar er vegna ferða til Íslands (um 65% af veltu), annarra Norðurlanda (um 25% af veltu), Svalbarða, Skotlands og Írlands (um 10% af veltu).

Helstu markaðssvæði Nordic Visitor eru Ástralía, Bandaríkin, Bretland og Kanada.

Þjónustuframboðið má finna á www.nordicvisitor.com; en í ferðapökkum félagsins eru boðið upp á samgöngur (rútur, bílaleigubílar), gistingu (hótél eða aðrir gistimöguleikar), afþreyingu o.fl. Hér má nefna þjónustupakka svo sem: „Self-Drive“, „Small Group Tours“, „Northern Lights“, „Private Tours“, „Family friendly Tours“, „Nordic Cruises“ og „Honeymoon & Romance“.

6.1.3 *Terra Nova*

Sem fyrr greinir felst aðalstarfsemi Terra Nova í sölu ferða í heildsölu (e. business to business) til erlendra ferðaskrifstofa, einkum evrópskra endursöluaðila. Ennfremur felst starfsemin í sérsniðinni þjónustu við þessa aðila (e. customized services). Félagið starfar sem ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjandi.

Í ferðapökkum félagsins er boðið upp á samgöngur (rútur, bílaleigubílar), gistingu (hótél eða aðrir gistimöguleikar), afþreyingu o.fl. Þjónustuframboðið má finna á www.terranova.is en nefna má þjónustupakka svo sem: „Fly and Drive“, „Group tours“ og „City Breaks“.

Helstu markaðssvæði Terra Nova eru lönd innan Evrópu. Þar má helst nefna Þýskaland, Frakkland, Spán, Ítalíu, Holland og Norðurlöndin utan Íslands.

Terra Nova selur enn fremur sérsniðnar alferðir til Íslands beint til neytenda. Árið 2019 var hlutur Iceland Tours af heildarveltu Terra Nova um 15%. Helstu markaðssvæðin eru Bandaríkin og Bretland og þjónustuframboð má finna á www.IcelandTours.is en nefna má „Self-Drive“ og „City Break“.

6.1.4 Iceland Travel

Iceland Travel starfar sömuleiðis á markaði fyrir ferðaskrifstofur sem sjá um skipulagðar ferðir til Íslands í heildsölu (e. business to business). Er áherslan í starfseminni á sölu ferða og sérsniðna þjónustu (e. customized services) við endursöluaðila. Félagið starfar sem ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjandi.

Þjónustuframboð Iceland Travel má m.a. sjá á vefnum www.icelandtravel.is en það spannar talsvert breiðara svið en Terra Nova og nær þannig m.a. yfir skipulagðar ferðir, siglingar, viðburði og afþreyingu. Hér má nefna:

- *Customized Services*: Þjónusta við endursöluaðila. Skipulagðar ferðir fyrir einstaklinga og hópa í nafni viðkomandi viðskiptavinar (e. white label).
- *FIT/Own Production*: Skipulagðar ferðir í nafni Iceland Travel en seldar áfram í gegnum endursöluaðila. Einkum hópaferðir um landið og „Self-Drive“-ferðir.
- *Cruise Service*: Þjónusta við rekstraraðila skemmtiferðaskipa og viðskipavini þeirra.
- *M.I.C.E* (e. meetings, incentives, conferences and exhibitions): Þjónusta við fyrirtæki sem eru að skipuleggja fundi, hvataferðir, ráðstefnur eða viðburði.
- *LUXURY*: Sérsniðin þjónusta fyrir mjög efnaða einstaklinga.

Iceland Travel býður jafnframt sérsniðnar alferðir beint til neytenda í gegnum vefinn www.icelandtravel.is en það er þó aðeins lítil hluti veltu félagsins (um 4% af veltu árið 2019).

Markaðssvæði Iceland Travel er alþjóðlegt, en helstu markaðir eru í Bandaríkin og Evrópa, en hlutur Asíu hefur farið vaxandi.

6.1.5 Samantekt

Samkeppniseftirlitið hefur áður skilgreint markað fyrir ferðaskrifstofur í heildsölu og smásölu, sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 6/2020 er varðaði samruna Nordic Visitor og Terra Nova. Samrunaaðilar starfa bæði í heildsölu og smásölu, en eins greinir að framan á Nordic Visitor fyrst og fremst í beinum viðskiptum við neytendur en bæði Terra Nova og Iceland Travel eiga fyrst og fremst viðskipti við endursöluaðila. Samrunaaðilar telja ekki rétt að greina markaðinn niður eftir því hvort þjónustan er seld til milligönguaðila eða beint til neytenda en benda þó á þessar mismunandi áherslur í rekstri fyrirtækjanna.

Í tengslum við framangreinda skilgreiningu, *ferðaskrifstofur í heildsölu og smásölu*, telja samrunaaðilar ekki ástæðu til að skilgreina hugtakið „ferðaskrifstofa“ þröngt. Alþjóðleg stórfyrirtæki eins og t.d. Booking.com, Expedia og fjöldi slíkra aðila (e. Online Travel Agencies – „OTA“) hafi gríðarleg áhrif á starfsemi samrunaaðila og þar með þann markað sem þeir starfa á. Þau selji margvíslegar íslenskar ferðaafurðir og geta þeir sem þangað leita fest sér flug, hótél, bílaleigubíl, afþreyingu og hvað eina sem þeir kjósa við skipulagningu eigin ferðar. Ekki verði því litið framhjá samkeppnislegu aðhaldi og áhrifum OTA, m.a. á verðlagningu, þegar markaðurinn er skilgreindur. Þótt samrunaaðilar veiti meiri þjónustu en OTA, starfræki m.a. sölu- og þjónustuver,

eru þeir - eins og þau fyrirtæki sem flokkast venjulega sem OTA - milliliðir á ferðaþjónustumarkaði, þ.e. söluaðilar þjónustu við fólksflutninga, gistingu og afþreyingu sem aðrir sjá um að veita.

Samrunaaðilar leggja jafnframt áherslu á að þjónustuframboð þeirra er víðtækt eins og fyrr greinir og vísa m.a. til umfjöllunar eftirlitsins um markaðinn í umsögn þess nr. 9/2020 um frumvörp er varða ríkisaðstoð til handa Ícelandair. Þar segir m.a.:

„Rekstur ferðaskrifstofa - ferðir og afþreying fyrir erlenda ferðamenn: Iceland Travel sinnir starfsemi á þessu sviði sem er víðtæk og ljóst að margir minni keppinautar starfa þar einnig. Samkvæmt upplýsingum sem Samkeppniseftirlitið aflaði frá Ferðamálastofu snemma á þessu ári í tengslum við ákvörðun nr. 6/2020, Samruni Nordic Visitor hf. og Terra Nova Sól ehf. er ljóst að þar eru um 20-25 keppinautar starfandi með umtalsverða starfsemi fyrir erlenda ferðamenn sem koma til Íslands. Iceland Travel er þó langstærsta fyrirtækið.“

Nánar verður fjallað um keppinauta samrunaaðila síðar, en í umfjöllun sinni lítur eftirlitið framhjá þeim erlendu ferðaskrifstofum sem starfa á markaðnum, en jafnframt öllum þeim fjölda aðila sem selja sömu þjónustu, þótt starfsemi þeirra sé ekki fólgin í rekstri ferðaskrifstofu. Hér er einkum brýnt að líta til skörunar og samkeppnislegs aðhalds milli annars vegar ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda, sem ekki annast sjálfir þá þjónustu sem þeir eru að selja (svo sem akstur, gistingu og afþreyingu) og hins vegar birgjanna eða þjónustuveitendanna sem selja ferðirnar sjálfir. Er ekki alls kostar rökrétt að gera skarpan greinarmun hér á, vegna þess að í reynd gera neytendur og aðilar á sviði ferðaþjónustu ekki slíkan mun.

Í ákvörðun eftirlitsins í máli nr. 19/2021 varðandi kaup Alfa hf., SF VII ehf. og Eldeyjar HoldCo ehf. á Kynnisferðum ehf., Eldey THL hf. og dótturfélögum þeirra var að nokkru fjallað um markað fyrir heildsölu og smásölu skipulagðra ferða. Kom þar fram, m.a með tilvísun til ákvörðunar eftirlitsins í máli nr. 12/2019 um kaup Arctic Adventures hf. og Into the Glacier ehf. og fleiri félögum, að fyrirtæki af þeirri gerð sem þar var fjallað um væru fær „um að veita víðtæka þjónustu og aðlaga sig að neytendum hverju sinni, sem þótti benda til þess að skilgreina bæri markaðinn heldur víðari en þrengri.“ Taka samrunaaðilar undir þá grundvallarhugsun sem þeir telja að þarna búi að baki um eðli ferðaþjónustu.

Hér vísast til skilgreiningar 4. tölul. 1. mgr. samkeppnislaga á markaðshugtakinu, en þar kemur fram að staðgengdarvara- eða þjónusta sé vara eða þjónusta sem getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar. Í kjarnastarfsemi samrunaaðila geta viðskiptavinir þeirra farið framhjá þeim og snúið sér beint til annars konar milliliða (OTA fyrirtækja t.d.) eða beint til birgja og keypt nákvæmlega sömu þjónustu og samrunaaðilar selja.

Samrunaaðilar telja við blasa að þegar áhrif samrunans séu metin verði að líta heildstætt til framangreindra sjónarmiða.

6.2 Landfræðilegur markaður

Samrunaaðilar selja og markaðssetja þjónustu sína til erlendra ferðamanna og erlendra ferðaskrifstofa. Þeir eiga í harðri samkeppni við mikinn fjölda alþjóðlegra fyrirtækja, stórra sem smárra, um viðskipti við ferðamenn, sem eiga óteljandi kosta vöð. Í því sambandi er mikilvægt að leggja áherslu á að Ísland sem ferðamannaland á sömuleiðis í gríðarlega harðri samkeppni um athygli ferðamanna, sem setur öllum þátttakendum á markaði ákveðin mörk.

Um landfræðilegan markað Nordic Visitor og Terra Nova var að nokkru fjallað af hálfu Samkeppniseftirlitsins í tengslum við ákvörðun nr. 6/2020, en þar segir m.a.:

„Að mati Samkeppniseftirlitsins gefur athugun málsins, og fyrri úrlausnir samkeppnisyfirvalda, til kynna að landfræðilegur markaður málsins sé Ísland.“

Samrunaaðilar leggja áherslu á að eftirspurn eftir ferðum til Norður-Evrópu, þ. á m. til Íslands, er alþjóðleg og sömuleiðis framboð á þeirri þjónustu sem samrunaaðilar veita. Áður er nefnt að mörg stór erlend fyrirtæki (OTA) veita samkeppnislegt aðhald, án þess að veita þjónustu með nákvæmlega sama hætti og samrunaaðilar. Að auki veitir fjöldi alþjóðlegra fyrirtækja sambærilega eða sömu þjónustu og samrunaaðilar og eru því í reynd í beinni samkeppni. Þeir eru því ótvírætt á sama markaði í huga neytenda þjónustunnar og veita samkeppnislegan þrýsting héraendis, þótt stundum búi þessir samkeppnisaðilar við hagstæðara samkeppnisumhverfi, s.s í skattalegu tilliti af því þeir starfa erlendis.

Samrunaaðilar telja sérstaka ástæðu til að nefna í þessu sambandi að erlendir söluaðilar sem Terra Nova og Iceland Travel þjónusta geta ákveðið, nánast hvenær sem er, að hætta viðskiptum, setja sjálfir saman ferðirnar og hefja beina samkeppni og eru dæmi um slíkt í rekstri félaganna.

Verði landfræðilegur markaður talinn bundinn við Ísland álíta samrunaaðilar það þó ekki hafa úrslitapýðingu um mat á áhrifum samrunans á samkeppni eða stöðu neytenda á markaði. Þau áhrif verði eftir sem áður lítil, ef nokkur.

6.3 Markaðir þar sem áhrifa gætir

Samkvæmt framanrituðu er ljóst að áhrifa samrunans gætir, í þrengsta skilningi, á markaði fyrir ferðaskrifstofur sem sjá um skipulagðar alferðir og hópferðir til Íslands.

Samrunaaðilar leggja áherslu á að samkeppnisleg áhrif samrunans verði lítil sem engin þótt þeir starfi á sama markaði, hvort sem stuðst verður við víðari eða þrengri skilgreiningu. Mikil og hörð alþjóðleg samkeppni ríkir um viðskipti við ferðamenn og almennt töluverð skörun milli tegunda fyrirtækja, þannig að samkeppnislegt aðhald er veitt úr ýmsum áttum.

Er ekki vafi um að bókun ferða erlendra ferðamanna í gegnum alþjóðlega bókunarvefi, eða hvers kyns OTA aðila, eða þá beint hjá þjónustuveitendum (birgjum samrunaaðila), nýtist sem staðgönguþjónusta við þá þjónustu sem samrunaaðilar veita í skilningi samkeppnisréttar. Verðsamkeppni og verðvitund á markaði er mikil og telja samrunaaðilar því ekki tilefni til að leggja mjög þröngar skilgreiningar á markaði til grundvallar.

6.4 Skyldir markaðir þar sem áhrifa gætir

Að því er varðar skörun milli Iceland Travel og Terra Nova í þjónustu við endursöluaðila er rétt að taka fram að Terra Nova hefur ekki séð um þjónustu vegna, skemmtiferðaskipa, „M.I.C.E“ ferða, „FIT/Own Production“ ferða eða lúxusferða (sjá nánar í liðum 6.1.3 og 7.3.2.). Samruninn hefur því engin áhrif á markaði fyrir slíka þjónustu.

Magma-hótel við Kirkjubæjarklaustur tilheyrir samstæðu Nordic Visitor sem fyrr segir. Um er að ræða 25 herbergja hótél sem velti um 120 milljónum króna árið 2019.

Samrunaaðilar telja sig annars ekki stunda viðskipti á skyldum mörkuðum þar sem áhrifa gæti.

6.5 Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki

Dótturfélag Nordic Visitor er hluthafi í hugbúnaðarfyrirtækinu Corivo ehf., sem fyrr er nefnt. Corivo starfar á markaði fyrir hugbúnaðarlausnir og upplýsingatækniþjónustu. Samrunaaðilar

telja ekki tilefni til að fjalla nánar um þetta, enda geti það ekki haft áhrif á ákvörðun eftirlitsins um samruna Nordic Visitor og Iceland Travel.

Að því er varðar samruna Nordic Visitor og Alfa, vilja samrunaaðilar taka fram að áhrifa samrunans gætir ekki á þeim mörkuðum sem félög undir yfirráðum Alfa starfa á og gerð var grein fyrir í kafla 4.2.1, þ.e.:

- Borgarplast: Markaður fyrir framleiðslu og sölu á plastvörum fyrir sjávarútveg, matvæla- og byggingariðnað, sbr. ákvörðun nr. 23/2017, Samruni Tempru ehf. og Plastgerðar Suðurnesja ehf.
- MPJ: Markaður fyrir framleiðslu og sölu á rekstrarvörum úr jární fyrir stóriðju á Íslandi.
- Samstæða GMÍ: markaður fyrir alhliða kröfu- og innheimtuþjónustu fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök.
- GG: markaður sem tengist hverskyns jarðvegsvinnu og framkvæmdum.

7 UPPLÝSINGAR UM MARKAÐI ÞAR SEM ÁHRIFA GÆTIR

7.1 Heildarstærð markaðarins

Ef litið er til Íslands eingöngu var heildarfjöldi ferðamanna til Íslands á árinu 2019 tæplega 2 milljónir (1.986.153).¹⁵ Heildargjaldeyrstekjur af ferðamönnum fyrir sama ár voru um 470 milljarðar króna.¹⁶

Rekstrartekjur fyrirtækja á Íslandi, sem eru í rekstri ferðaskrifstofa, afþreyingar og hópferða (fyrir ferðamenn) voru um 134 milljarðar króna.¹⁷ Er þá ekki gert ráð fyrir veltu erlendra ferðaskrifstofa eða OTA fyrirtækja sem selja ferðir og þjónustu á Íslandi.

Á vefnum Mælaborð Ferðaþjónustunnar, sem er starfræktur af Ferðamálastofu, segir að í atvinnugrein skilgreindri sem „Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og bókunarþjónusta (á Íslandi)“ sé virðisaukavelta 79 milljarðar króna.

7.2 Markaðshlutdeild

Eins og segir í 1. kafla tilkynningar þessarar var í forviðræðum samrunaaðila og eftirlitsins sameiginlegur skilningur aðila á því að vegna áhrifa Covid-19 gæfu upplýsingar frá árinu 2020 ekki mjög lýsandi mynd af rekstri þeirra eða af samkeppni á viðeigandi mörkuðum. Þess vegna yrði horft til ársins 2019 til viðmiðunar, m.a. um stöðu aðila á markaði

Heildarfjöldi ferðamanna til Íslands á vegum Nordic Visitor á árinu 2019 var um []¹⁸ af heildarfjölda ferðamanna. Þar af var heildarfjöldi ferðamanna á vegum Terra Nova um []¹⁹. Á sama tíma var heildarfjöldi ferðamanna á vegum Iceland Travel til Íslands um []²⁰ af heildarfjölda ferðamanna.

Sem fyrr segir var heildarvelta Nordic Visitor á Íslandi á árinu 2019 um 4,1 milljarður króna eða um 3% af heildarveltu fyrirtækja í rekstri ferðaskrifstofa, afþreyingar og hópferða. Heildarvelta Terra Nova var um 1,8 milljarður króna eða um 1,3% af heildarveltu í þessum geira. Heildarvelta

¹⁵ Heimild: Ferðamálastofa.

¹⁶ Heimild: Mælaborð ferðaþjónustunnar, www.maelaborðferdathjonustunnar.is.

¹⁷ Heimild: [Greining Íslandsbanka hf., sem var unnin í tengslum við kaupsamning.] Trúnaðarmál.

¹⁸ Trúnaðarmál.

¹⁹ Trúnaðarmál.

²⁰ Trúnaðarmál.

Iceland Travel á sama ári var um 8,5 milljarðar króna á árinu 2019 eða um 6,2% af heildarveltu í þessum geira.

Sé markaðshlutdeild miðuð við virðisaukaveltu ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og bókunarþjónusta á Íslandi fyrir árið 2019, var hlutdeild Nordic Visitor um 5,2%, Terra Nova um 2,3% og Iceland Travel um 10,6%. Samanlögð hlutdeild samrunaaðila í virðisaukaveltu ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og bókunarþjónusta á Íslandi var því um 18,1%.

Samrunaaðilar vilja ítreka þá afstöðu sína að ekki verði litið framhjá þeim erlendu keppinautum sem stunda sömu starfsemi og eru ekki hluti af framangreindum veltutölum. Þar eru margir mjög stórir aðilar sem velta á bilinu 500 til 1.000 milljónum bandaríkjadala og eru með hátt í 1.000 starfsmenn, svo sem bandaríska fyrirtækið Gate 1. Enn stærra er t.d. Grand Circle Corporation í Bandaríkjunum með veltu sem nemur um 1,69 milljörðum bandaríkjadala og yfir 3.500 starfsmenn.

Þá eru margir litlir og meðalstjórir aðilar á alþjóðlegum mælikvarða sem sérhæfa sig í Íslandsferðum og bóka beint frá birgjum, en nota ekki þjónustu ferðaskrifstofa á Íslandi, svo sem Island Pro Travel og Discover the World. Hér verður líka að hafa í huga að margir íslenskir birgjar leggja áherslu á að ná viðskiptavinum beint til sín án aðkomu ferðaskrifstofa. Þá eru jafnframt ónefnt mikið samkeppnislegt aðhald og áhrif alþjóðlegra OTA fyrirtækja á markaðinn.

Eftir áföllin vegna heimsfaraldursins Covid-19 er ferðaþjónusta hægt og rólega að taka við sér á árinu 2021. Að mati samrunaaðila eru ekki vísbendingar um að á komandi árum verði meiriháttar breytingar á hegðun ferðamanna, fjölda samkeppnisaðila eða samkeppnisumhverfi þeirra að öðru leyti, þannig að áhrif eigi að hafa á mat eftirlitsins á samrunanum. Almennar stuðningsaðgerðir hins opinbera hafa haft í för með sér að mikill meirihluti aðila á markaði og tengdum mörkuðum eru enn með starfsemi og ekki tilefni til að ætla að verulegar breytingar verði á markaðshlutdeild. Þær spár sem gerðar hafa verið gera ráð fyrir að fjöldi ferðamanna verði kominn í fyrra horf áður en langt um líður. Almennt hefur þó skuldastaða fyrirtækja breyst og þar með fjárhagslegur styrkur, en samrunaaðilar búa ekki yfir nægum upplýsingum til að geta lagt mat á áhrif þess innan ferðaþjónustunnar.

7.3 Keppinautar á markaði

7.3.1 *Sala/þjónusta til neytenda (e. business to consumer)*

Helstu keppinautar Nordic Visitor og Iceland Tours (innan Terra Nova) í beinni sölu og þjónustu til neytenda (ekki tæmandi listi):²¹:

Innlendir:

- Guide to Iceland - www.guidetoiceland.is
- Arctic Adventurs - www.arcticadventures.is
- Hey Iceland - www.heyiceland.is
- Iceland Pro Travel - www.icelandprotravel.is
- Touris - www.tour.is
- Traveo - www.traveo.is
- Another Iceland - www.anothericeland.com
- Iceland Unlimited - www.icelandunlimited
- Ferðakompaníð - www.iceland-like-a-local.com

²¹ [

- Icelandair Holidays - www.icelandair.com
- Íslandshotel - www.islandshotel.is/tours/around-iceland/around-iceland-tours

Erlendir:

- Discover the world - www.discover-the-world.com/
- Kimkim - www.kimkim.com/d/iceland
- Evaneos - www.evaneos.com/iceland/holidays/
- Authentic Vacations - www.authenticvacations.com/europe/iceland-tours/
- All Iceland - www.all-iceland.co.uk/
- Gadventures - www.gadventures.com/destinations/europe/iceland/
- Trafalgar - www.trafalgar.com/en-eu/destinations/europe/iceland
- Back Roads - www.backroads.com/
- Collette - www.gocollette.com/en/tours/europe/iceland
- Audley Travel - www.audleytravel.com/iceland
- Travel Counsellors - www.travelcounsellors.co.uk/

Online Travel Agencies (OTA):

- TourRadar.com
- Booking.com
- Expedia.com
- TripAdvisor.com
- AirBnB.com
- Trip.com

7.3.2 Sala/þjónusta til erlendra ferðaskrifstofa / endursöluaðila (e. business to business)

Helstu keppinautar Iceland Travel og Terra Nova í sérstökum þjónustu (e. customized services)(ekki tæmandi listi):²²:

Innlendir:

- GJ Travel - www.gjtravel.is
- Snæland Grímsson - www.snaeland.is
- Ferðakompaníð - www.ferdakompaniid.com/
- Iceland Encounter - www.encounter.is/
- Reykjavík Excursions - www.re.is
- Allrahanda GL - www.grayline.is
- AD Travel - www.adtravel.is
- Katla DMI - www.katla-dmi.is/en/
- GoNorth - www.gonorth.is/
- Guide to Iceland - www.guidetoiceland.com
- Arctic Adventures - www.arcticadventures.com
- Eskimos - www.eskimos.is

Erlendir:

- Tour Partner Group - <https://tourpartnergroup.com/>
- VOS - <https://www.vos.to/>
- Islandtours.de / .es. / fr.

²² [

] Trúnaðarmál.

- Studiosus - www.studiosus.com
- IcelandProTravel - www.icelandprotravel.de
- TKWS DMC - <https://tkwsdmc.com/iceland-travel-dmc>
- Islandia 66 - www.islandia66.es
- Gate1 Travel - www.gate1travel.com/europe/scandinavia
- Grand Circle Corporation – www.gct.com

Helstu keppinautar Iceland Travel í þjónustu við aðila sem bjóða ferðir til aðila sem vilja ferðast á eigin vegum eða setja sjálfir saman ferðir (e. Free Independent Travellers / Own Production)(ekki tæmandi listi):

Innlendir:

- GJ Travel - www.gjtravel.is
- Arctic Adventures - www.arcticadventures.com
- Gateway to Iceland - www.gti.is
- NiceTravel Iceland - www.nicetravel.is
- Troll Expeditions - www.Troll.is
- Hey Iceland - www.heyiceland.is

Erlendir:

- Trafalgar - www.trafalgar.com/en-eu/destinations/europe/iceland
- Back Roads - www.backroads.com/
- Collette - www.gocollette.com/en/tours/europe/iceland
- Gadventures - www.gadventures.com/destinations/europe/iceland/
- Insight Vacations - www.insightvacations.com
- Intrepid - www.intrepidtravel.com/
- Discover the World - www.discover-the-world.com/

Helstu keppinautar Iceland Travel í þjónustu við rekstraraðila skemmtiferðaskipa (e. cruise services):

- Atlantik - www.atlantik.is
- Gára - www.gara.is

Helstu keppinautar Iceland Travel í þjónustu við fyrirtæki sem eru að skipuleggja fundi, hvataferðir, ráðstefnur eða viðburði (M.I.C.E e. meetings, incentives, conferences and exhibitions)(ekki tæmandi listi):

- Essence of Iceland - <https://essenceoficeland.is/>
- Atlantik - <https://www.atlantik.is/>
- Boutique DMC - <https://boutiquedmc.com/>
- Incentive Travel - <https://www.incentivetravel.is/>
- HL Adventures - <https://hl.is/>
- Sena - <https://www.sena.is/>
- Pure Nordic - <https://purenordic.is>
- Íslandshotel - <https://www.islandshotel.is/meetings-and-events>
- Icelandair Hotels - <https://www.icelandairhotels.com/en/meetings-events>
- Center hotels - <https://www.centerhotels.com/en/meetings-venues>

Helstu keppinautar Iceland Travel í sérniðinni þjónustu fyrir mjög efnaða einstaklinga (e. Luxury)(ekki tæmandi listi):

Innlendir:

- Iceland Luxury Tours <https://icelandluxurytours.com/>
- Deluxe Iceland <https://deluxeiceland.is/>
- Nordic Luxury <https://www.nordicluxury.is/>
- Discover True North <https://www.discovertruenorth.is/>
- Luxury Adventures www.lux.is

Erlendir:

- Jacada Travel <https://www.jacadatravel.com/polar/iceland>
- Abercrombie & Kent <https://www.abercrombiekent.com/>
- Black Tomato <https://www.blacktomato.com/us/destinations/iceland/>
- Virtuoso <https://www.virtuoso.com/travel/destinations/europe/iceland>
- Pure Destination <https://www.puredestinations.co.uk/>

7.4 Markaðshlutdeild keppinauta

Vísað er til fylgiskjala með tilkynningu þessari.

7.5 Innflutningur

Á ekki við.

7.6 Hvernig samrunaaðilar selja vöru og þjónustu

7.6.1 Sala/þjónusta til neytenda (e. business to consumer)

Nordic Visitor selur þjónustu í gegnum vef félagsins www.nordicvisitor.com. Öll markaðssetning er í gegnum internet.

Iceland Tours selur þjónustu í gegnum vef Terra Nova www.icelandtours.is. Öll markaðssetning er í gegnum internet.

7.6.2 Sala/þjónusta til erlendra ferðaskrifstofa / endursöluaðila (e. business to business)

Terra Nova selur ferðir og þjónustu í gegnum erlenda ferðaskrifstofur. Í einhverjum tilvikum hafa byggst upp sterk viðskiptasambönd við stóra endursöluaðila sem selja ferðir til fjölda annarra áfangastaða, en viðskiptavinahópurinn getur engu að síður verið talsvert breytilegur milli ára. Um er að ræða beina markaðssetningu m.a. í gegnum sölusýningar.

Iceland Travel selur ferðir sömuleiðis í gegnum erlenda endursöluaðila og þjónustar þá; erlendar ferðaskrifstofur, skemmtiferðaskipafélög og viðburðarhaldara. Í einhverjum tilvikum hafa byggst upp sterk viðskiptasambönd við stóra erlenda endursöluaðila, en viðskiptavinahópurinn getur engu að síður verið talsvert breytilegur milli ára. Um er að ræða beina markaðssetningu m.a. í gegnum sölusýningar.

7.6.3 Nánar um sölu- og dreifileiðir

Samrunaaðilar vilja taka fram að á hinum harða, alþjóðlega samkeppnismarkaði fyrir ferðaþjónustu ríkir mikil fjölbreytni og stöðug þróun. Ferðaþjónusta er seld eftir mörgum mismunandi dreifileiðum og þjónusta mismikil. Sem fyrr segir hafa ferðamenn úr óhemju mörgum kostum að velja og mismunandi leiðir um bókanir eftir eigin þörfum. Hér má nefna:

- *Bein bókun:* Ferðamaður hefur beint samband við þjónustuaðila, s.s. hótél, bílaleigu, afþreyingu, flutningsaðila eða veitingastað. Þetta er tímafrekara en endanlegt verð kann að vera lægra heldur en ef keypt er þjónusta ferðaskrifstofu. Dæmi úr miklum fjölda slíkra þjónustuaðila sem selja beint má nefna: Íslandshótél, Kea Hótél, Íslenskir Fjallaleiðsögumenn, Kynniferðir og Hertz bílaleiga.
- *OTA:* Ferðamaður getur keypt þjónustu af alþjóðlegum stórfyrirtækjum í ferðaþjónustu eins og Booking.com, Expedia.com, Tripadvisor.com, Airbnb.com, Getyourguide.com og Tourradar.com. Þessir aðilar veita almennt minni þjónustu en ferðaskrifstofur en verð einstakra þátta eru ofast lægri en hjá ferðaskrifstofum. OTA eru sá hluti ferðaþjónustu sem hefur vaxið mest undanfarin ár og sú starfsemi er ræður mestu um verð til einstaklinga.
- *Sérhæfðar erlendar ferðaskrifstofur:* Ferðamaður getur bókað ferðir hjá ferðaskrifstofum sem sérhæfa sig í sölu á ferðum til Íslands, en eru staðsettar í sama landi og hann. Þetta eru ferðaskrifstofur sem eru í beinum samskiptum/viðskiptum við þjónustuaðila og eru oft með mikið framboð á ferðum til Íslands. Hér má nefna aðila eins og Discover the World á Bretlandi og Vulkan Resjor í Skandinavíu.
- *Online Market Platform:* Er ný tegund í sölu á ferðum en fyrirtæki í þessum geira tengja saman ferðamann og ferðaskrifstofu í því landi sem hann vill heimsækja. Hér má nefna aðila eins og Kimkim.com og Evaneos.com
- *Deiliahagkerfið:* Hér er enn fremur um að ræða nýlega leið fyrir ferðamenn, vettvang sem tengir þá beint við heimamenn þess lands sem þeir hafa hug á að heimsækja. Heimamenn nýta jafnframt þennan vettvang til að veita þjónustu og ráðgjöf um ferðalagið og bókanir. Hér má nefna aðila eins og Airbnb Experiences.
- *Ferðaskipuleggjandi (e. local expert):* Aðilar sem sérhæfa sig í sölu á ferðum til erlendra ferðamanna til þess lands sem viðkomandi ferðaskipuleggjandi er staðsettur í. Þetta eru aðilar sem raða saman í alferðir og bóka þjónustu beint hjá þjónustuaðilum. Þetta eru aðilar eins og *Nordic Visitor, Iceland Tours*, Guide to Iceland og Hey Iceland.
- *Travel Professionals Network:* Hér er um að ræða ferðasölusamtök minni erlendra ferðaskrifstofa eða einstaklinga, sem veita söluaðilum aðgang að samningum við þjónustuaðila og ferðaheildsala. Þessir söluaðilar eru oft í persónulegum samskiptum við ferðamenn og veita persónulega ráðgjöf. Hér má nefna samtök eins og Virtuoso, Ensemble Travel Group, AAA Travel og Travel Counsellors.
- *Erlend Ferðaskrifstofa:* Hér er vísað til stórra erlendra ferðaskrifstofa með mikið þjónustuframboð og marga áfangastaði, sem nýta ferðaheildsala í þeim löndum sem viðkomandi ferðaskrifstofa selur til. Þessar ferðaskrifstofur bóka almennt ekki þjónustu beint hjá þjónustuaðilum heldur nýta sérþekkingu og innkaupaþekkingu ferðaheildsala. Verðin hjá þessum aðilum eru almennt hærri heldur en hjá fyrrnefnum dreifileiðum. Dæmi um slíka aðila eru sem dæmi Tui á Bretlandi og Der Tour í Þýskalandi. *Iceland Travel* og *Terra Nova* sérhæfa sig í að þjónusta fyrirtæki af þessum toga.

7.7 Samanburður á verði sem aðilar samrunans bjóða á Íslandi og í öðrum ríkjum

Á ekki við.

7.8 Eðli og umfang lóðréttar samþættingar fyrir hvern samrunaaðila um sig miðað við helstu keppinauta.

Áður er nefndur rekstur dótturfélags Nordic Visitor á Magma hóteli við Kirkjubæjarklaustur og hefur viðskiptum nokkuð verið þangað. Umfang viðskiptanna er ekki mikið eins og að framan var rakið. Ekki um aðra lóðréttu samþættingu að ræða hjá Nordic Visitor eða Terra Nova.

Iceland Travel hefur átt viðskipti innan samstæðu Icelandair, þ.m.t. keypt stoðþjónustu af Fjárvakri Icelandair Shared Services ehf., gistingu af Icelandair Hotels, o.fl. Með kaupunum verður Iceland Travel ekki lengur hluti af Icelandair samstæðunni og því ekki um að ræða lóðréttu samþættingu eftir kaupin. Telja samrunaaðilar því ekki rök standa til þess að gera nánari grein fyrir eðli og umfangi lóðréttrar samþættingar í starfsemi Iceland Travel innan Icelandair, enda geti það ekki haft áhrif á ákvörðun eftirlitsins.

Ýmsir þeirra keppinauta sem greindir eru í umfjöllun að framan selja skipulagðar ferðir ásamt því að veita sjálfir þjónustuna. Hér má nefna aðila eins og Íslandshótel og Icelandair Hotels o.fl. Samrunaaðilar telja ekki tilefni til að fjalla ítarlega um þetta atriði.

7.9 Sundurliðun á tekjum eftir vöruflokkum og/eða þjónustubáttum. Sundurliðun á magni (einingum) ef við á.

[

]23

7.10 Upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu

[

²³ Trúnaðarmál.

]24

8 ALMENN SKILYRÐI Á MÖRKUÐUM ÞAR SEM ÁHRIFA GÆTIR

8.1 Fimm helstu sjálfstæðu birgjar samrunaaðila

Nordic Visitor (m.v. 2019):[

]25

Terra Nova (m.v. 2019):[

]26

Iceland Travel (m.v. 2019):[

]27

²⁴ Trúnaðarmál.

²⁵ Trúnaðarmál.

²⁶ Trúnaðarmál.

²⁷ Trúnaðarmál. Sjá nánar fylgiskjöl.

8.2 Helstu dreifileiðir og þjónustukerfi á mörkuðunum (framboð)

Sjá umfjöllun í kafla 7.6.

8.3 Heildarafkastageta aðila sl. þrjú ár. (framboð)

Samrunaaðilar voru með nokkuð stöðuga veltu árin fyrir Covid og nokkurn veginn fullnýtta afkastagetu.

8.4 Aðrir framboðspættir

Samrunaaðilar telja að Ísland sem áfangastaður gæti tekið á móti allt að 2,5 milljónum ferðamanna miðað við núverandi innviði, m.a. uppbyggingu í flugi, hótelum og annarri þjónustu. Telja þeir þar af leiðandi að miðað við spár um fjölda ferðamanna séu ekki miklar takmarkanir á framboði þeirrar þjónustu sem þeir veita miðað við eftirspurn.

8.5 Tíu stærstu viðskiptavinir (hlutdeild í heildarsölu)

Viðskiptavinir *Nordic Visitor* eru fyrst og fremst einstaklingar, sem kaupa pakkaferðir, [

]28

Eftirtaldir aðilar voru stærstu viðskiptavinir hjá *Terra Nova* árið 2019:[

]29

Eftirtaldir aðilar voru stærstu viðskiptavinir hjá *Iceland Travel* árið 2019:[

]30

²⁸ Trúnaðarmál.

²⁹ Trúnaðarmál.

³⁰ Trúnaðarmál.

8.6 Eftirspurn á markaði

8.6.1 *Um þróun markaðarins, t.d. hvort hann er á upphafsstigi, í útbenslu, mettaður eða í hnignun, og spá um vöxt eftirspurnar;*

Heimsfaraldurinn Covid-19 hefur haft veruleg áhrif á markaðinn, en að þessu er vikið í kafla 7.2 um markaðshlutdeild.

8.6.2 *Vægi viðskiptavinavildar að því er varðar vörumerkjatryggð, vöruaðgreiningu og heildarvöruúrval;*

Sjá umfjöllun í kafla 7.6.

8.6.3 *Samþjöppun eða dreifing neytenda;*

Samrunaaðilar vísa til umfjöllun um neytendur og neytendahegðun í öðrum köflum.

8.6.4 *Skiptingu viðskiptavina í ólíka flokka og lýsingu á „dæmigerðum viðskiptavini“ í hverjum flokki;*

Nordic Visitor selur þjónustu beint til neytenda og má lýsa dæmigerðum viðskiptavini fyrirtækisins sem enskumælandi, menntuðum ferðamanni, á aldrinum 45-70 ára með um eða yfir meðaltekjur. Dæmigerður viðskiptavinur *Iceland Tours* er aftur á móti yngri og næmari fyrir verði.

Terra Nova selur ferðir til endursöluaðila og má lýsa dæmigerðum viðskiptavini fyrirtækisins sem meðalstórri, evrópskri ferðaskrifstofu sem markaðssetur í heimalandi sínu ferðir til margra áfangastaða.

Iceland Travel selur sömuleiðis ferðir til endursöluaðila og er nánar fjallað um þjónustupætti félagsins í kafla í kafla 6.1.3. Skörun milli *Terra Nova* og *Iceland Travel* er í sérsniðinni þjónustu (e. customized services) og má lýsa dæmigerðum viðskiptavini *Iceland Travel* sem meðalstórri eða stórri bandarískri eða evrópskri ferðaskrifstofu.

8.6.5 *Vægi samninga um einkadreifingu og annars konar langtímasamninga;*

Lítið sem ekkert, að því marki sem þetta á við.

8.6.6 *Vægi eftirspurnar frá opinberum yfirvöldum, ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum eða áþekktum aðilum.*

Á ekki við.

8.7 Aðgangur nýrra aðila á markaðinn (dæmi um fyrirtæki sem hefur „haslað sér völl svo um munar“).

Um þetta er að nokkru leyti fjallað í kafla 7.6.3.

Aðgangshindrandir í ferðaþjónustu á Íslandi eru mjög takmarkaðar. Á síðustu 10 árum hafa fjölmörg ný ferðaþjónustufyrirtæki verið stofnuð á Íslandi og mörg þeirra náð miklum árangri á stuttum tíma. Dæmi um slík fyrirtæki eru *Guide to Iceland*, og *Troll Expeditions*.

Einnig hefur fjöldi erlendra ferðaskrifstofa sem selja ferðir til Íslands aukist mikið undanfarið og eru litlar sem engar hindranir fyrir þá aðila að koma inn á íslenskan markað í samkeppni við innlend fyrirtæki. Dæmi um slík fyrirtæki eru *Back Roads* og *Gadventures*.

8.8 Fyrirtæki (innlend/erlend) sem eru líkleg til að hasla sér völl.

Um þetta er að nokkru leyti fjallað í kafla 7.6.3, m.a. um Online Market Place sem dæmi um nýja tegund í sölu á ferðum hjá aðilum eins og Kimkim.com og Evaneos.com. Þá eru aðilar eins og Airbnb / Airbnb Experiences líklegir til að hasla sér frekari völl.

Þá hefur aukist eins og nefnt var í kafla 7.6.3 að einstaklingar starfi sjálfstætt við að selja ferðir um heiminn í gegnum ferðasölusamtök eins og Travel Counsellors (www.travelcounsellors.co.uk).

8.9 Þættir sem hafa áhrif á aðgang að mörkuðum þar sem áhrifa gætir (landfræðilegir og vöru- eða þjónustutengdir)

Hindranir á markað fyrir ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur eru mjög takmarkaðar að mati samrunaaðila. Tækniframfarir hafa jafnframt auðveldað mjög aðgang að ferðamönnum, þvert á öll landamæri, sem gefur neytendum mikla möguleika hvort heldur sem er í samskiptum við milliliði eða beint við þjónustuveitendur.

Rekstur ferðaskrifstofu er leyfisskyld starfsemi, sbr. III. kafla laga nr. 96/2018 um Ferðamálastofu. Þá er sala pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar leyfis- og tryggingarskyld starfsemi sbr. VII. kafla laga nr. 95/2018. Ferlið er að mati samrunaaðila aðgengilegt og felur ekki í sér verulega aðgangshindrun.

Háir skattar og hátt launahlutfall í samanburði við alþjóðlega samkeppnisaðila geta verið hindrandi þáttur fyrir innlenda aðila. Almennt telja samrunaaðilar að ekki sé fyrir að fara aðgangshindrunum á þeim mörkuðum sem samruninn varðar þannig að merkjanleg áhrif hafi á samkeppni og þar með á hagsmuni neytenda.

8.10 Rannsóknir og þróun

Samrunaaðilar áréttu að tækniframfarir hafa verið örvar og haft í för með sér heilmiklar breytingar á viðskiptum með ferðaþjónustu. Áhrifin af þessu hafa verið jákvæð fyrir samkeppni á markaði. Telja samrunaaðilar að öðru leyti að umfjöllun um rannsóknir og þróun hafi ekki verulega þýðingu við ákvörðun eftirlitsins um þennan samruna.

8.11 Samstarfssamningar á markaðnum

Almennt tíðkast ekki samstarfssamningar á markaðnum lóðrétt eða lárétt, að mati samrunaaðila og samningar til langs tíma við birgja eða viðskiptavinum eru ekki algengir eftir þeirra bestu vitund, sbr. og kafla 8.6.5.

8.12 Samstarfssamningar sem samrunaaðilar eru aðilar að

Nordic Visitor og Terra Nova eru ekki aðilar að láréttum eða lóðréttum samstarfssamningum á markaði, utan samninga um venjuleg viðskipti.

Iceland Travel og Icelandair hafa átt í markaðssamstarfi á nýjum áfangastöðum Icelandair. Nordic Visitor og Icelandair hafa rætt um, án skuldbindinga, að slíku samstarfi verði haldið áfram eftir kaupin, á milli Icelandair og Iceland Travel.

8.13 Atvinnugreinasamtök

Nordic Visitor og Iceland Travel eru aðilar að Samtökum aðila í ferðaþjónustu (SAF). Ásberg Jónsson er formaður ferðaskrifstofunefndar hjá samtökunum.

9 ÁHRIF Á NEYTENDUR OG MILLILIÐI

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans ber að líta til þess hvort fyrirhugaður samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga.

Sem fyrr segir starfa samrunaaðilar á alþjóðlegum markaði fyrir ferðaskrifstofur sem sjá um skipulagðar alferðir til Norður-Evrópu. Ítarlega hefur verið rakið hverjir helstu samkeppnisaðilar samrunaaðila eru bæði á innlendum og alþjóðlegum ferðaþjónustumarkaði.

Samrunaaðilar telja að mikil samkeppni sé á þeim markaði sem samruninn varðar. Þjónusta samrunaaðila snýr að kaupum og sölu á þjónustu annarra aðila og telja samrunaaðilar lítið sem ekkert svigrúm til verðhækkana enda myndu viðskiptavinir samrunaaðila þá snúa sér beint að þeim sem gera þjónustuna út eða sambærilegra fyrirtækja annars staðar í Norður Evrópu.

Af framangreindum sökum, með hliðsjón af öllu því sem að framan er rakið og á grundvelli þeirra ályktana sem draga má um markaðshlutdeild samrunaaðila, fjölda ferðamanna á vegum hvors samrunaaðila miðað við heildarfjölda, og veltu þeirra, séu samkeppnisleg áhrif samrunans lítil, ef nokkur. Ekki verði til markaðsráðandi staða og engin röskun á samkeppni á markaði þannig að skaðleg áhrif hafi á neytendur eða milliliði.

10 VIÐBÓTARTAKMARKANIR

Eins og nefnt er í kafla 3.3 að framan [

] ³¹ Telja samrunaaðilar að þetta atriði hafi engin neikvæð samkeppnisréttarleg áhrif.

Þá er hér áréttað, eins og rakið er í kafla 3.3, að í [

] ³²

³¹ Trúnaðarmál.

³² Trúnaðarmál.

11 FYLGISKJÖL

Samkvæmt XIII. kafla viðauka II við reglur nr. 1390/2020 mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga fylgja þessari tilkynningu eftirfarandi skjöl:

1. Afrit af samkomulagi um helstu skilmála kaupsamnings vegna kaupa á hlutafé í Iceland Travel, dags. 30. apríl 2021.³³
2. Afrit af kaupsamningi um hlutafé í Iceland Travel, dags. 11. júní 2021.³⁴
3. Afrit af áskriftarsamningi um nýtt hlutafé milli Nordic Visitor og AU1, dags. 11. júní 2021.³⁵
4. Afrit af hluthafasamkomulagi um meðferð hlutafjáreignar í Nordic Visitor, dags. 11. júní 2021.³⁶
5. Afrit af ársreikningum Nordic Visitor fyrir árin 2019-2020.
6. Afrit af ársreikningum Terra Nova fyrir árin 2019-2020.
7. Afrit af ársreikningum Iceland Travel fyrir árin 2019-2020.
8. Afrit af ársreikningum AU 1 ehf. fyrir árin 2019-2020.
9. Afrit af ársreikningum Alfa Framtaks ehf. fyrir árin 2019-2020.
10. Afrit af ársreikningum Umbreytingar slhf. fyrir árin 2019-2020.
11. Markaðsgreining.³⁷
12. Umboð til handa Birgi Tjörva Péturssyni lögmanni.
13. Umboð til handa Halldóri Karli Halldórssyni lögmanni.
14. Afrit af kvittun vegna tilkynningargjalds.

12 UM HEIMILD TIL STYTTRI TILKYNNINGAR

Samkvæmt b. lið 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga er heimilt að tilkynna samruna með styttri tilkynningu þegar aðilar samrunans starfa á sama vöru- og landfræðilega markaði (láréttur samruni) og samanlögð markaðshlutdeild þeirra er minni en 20%.

Samrunaaðilar telja að samanlögð markaðshlutdeild þeirra sé undir viðmiðum b. liðar 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga með hliðsjón af stærð þeirra markaða sem þeir tengjast og annarra aðila á þeim mörkuðum.

Samrunaaðilar telja samkvæmt framansögðu að skilyrði til styttri tilkynningar séu uppfyllt. Á hinn bóginn kjósa þeir að veita meiri upplýsingar heldur en minni, til samræmis við Viðauka II með reglum nr. 1390/2020, til að fyrirbyggja að möguleg þörf eftirlitsins fyrir frekari upplýsingar hafi í för með sér ónauðsynlegan drátt á meðferð málsins.

³³ Trúnaðarmál.

³⁴ Trúnaðarmál.

³⁵ Trúnaðarmál.

³⁶ Trúnaðarmál.

³⁷ Trúnaðarmál.

13 YFIRLÝSING

Undirritaðir lýsa því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirritaðir hafa kynnt sér ákvæði 41. gr. b samkeppnislaga.

Þá er því jafnframt lýst yfir og áréttað, með vísan til 17. gr. a. samkeppnislaga að samruninn hefur ekki verið framkvæmdur.

Reykjavík, 30. júní 2021.



f.h Nordic Visitor og Iceland Travel
Birgir Tjörvi Pétursson, lögmaður.



Halldór Karl Halldórsson
lögmaður
Sími: 224 4199

f.h. AU1
Halldór Karl Halldórsson, lögmaður